

Viðhorf

Bolognaferlið og íslenskir háskólar:

Inngangur

Undanfarinn áratug hefur íslenskum háskólum fjölgað og síðan aftur fækkað með sameiningu. Nemendum hefur fjölgað úr rúmlega 12.000 haustið 2001 í um 19.000 haustið 2009. Fræðimönnum og öðru starfsfólki hefur fjölgað og faglegt umhverfi hefur breyst. Líklega náði breytingaferlið hápunkti sínum á árinu 2007 þegar öllum háskólum landsins var gert að sækja um viðurkenningu á fræðasviðum í samræmi við ný lög um háskóla nr. 63/2006. Umræðuefnið í þessu hefti er þó hvorki útþensla háskólanna né viðurkenningarferlið sem slíkt heldur þátttaka Íslands í evrópsku háskólasamstarfi sem hefur verið nefnt Bolognaferlið.

Upphaf Bolognaferlisins má rekja til ársins 1999 þegar menntamálayfirvöld Evrópuríkja gáfu út yfirlýsingu um að þau myndu vinna sameiginlega að því að styrkja Evrópu með því að skapa sameiginlegt menntasvæði æðri menntunar fyrir 2010 (sjá nánar í grein Þórðar Kristinssonar, Bolognaferlið: Saga og tilgangur, í þessu hefti). Ísland var eitt af þeim ríkjum sem skrifuðu undir Bolognayfirlýsingu og hefur verið unnið að því að innleiða þetta ferli á ýmsan máta. (Hér er fylgt þeirri málvenju sem hefur skapast, að „innleiða ferli“.)

Greinarnar í Viðhorfsþættinum eru að þessu sinni níu: Fyrst er inngangsgrein ritstjóra þáttarins, næst er grein Þórðar Kristinssonar um sögu og tilgang Bolognaferlisins og loks sjö greinar um háskólana.

Markmið og spurningar Viðhorfsþáttarins

Nú, þegar Bolognaferlið hefur staðið í áratug, þótti ritnefnd *Uppeldis og menntunar* við hæfi að staldra við og skoða hvernig til hefur tekist og kortleggja reynslu íslensku háskólanna, sem nú eru sjö talsins. Kveikja umfjöllunarinnar er erindi sem ritstjórar Viðhorfsþáttarins fluttu á Evrópsku menntarannsóknaráðstefnunni haustið 2009 (Guðrún Geirsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2009). Ritstjórnarnir hafa báðir verið virkir í Bolognaferlinu hvor í sínum háskóla og Guðrún auk þess á landsvísu.

Leitað var til fólks sem hefur verið í framlínu íslenskra háskóla við innleiðingu Bolognaferlisins. Höfundar greinanna, sem eru tíu talsins, skrifa í eigin nafni en segja frá starfi háskólanna sjö og miðla þannig reynslu og sjónarmiðum. Í bréfi sem þeim var sent var tekið fram að ritnefnd *Uppeldis og menntunar* vildi fá fram sem fjölbreyttust viðhorf. Við báðum þó höfunda um að hafa til hliðsjónar nokkrar spurningar: Hvaða

áhrif hefur Bolognaferlið haft á stjórnun, skipulag, inntak, kennsluhætti og námsmat í viðkomandi háskóla? Hvaða hugmyndir má greina í skrefum Bolognaferlisins um gæði og skilvirkni háskóla? Hefur háskólanum sem þú starfar við tekist að nýta sér einhver skref Bolognaferlisins í gæðastarfi innan háskólans – eða hafa einhver atriði verið til trafala? Hvers konar andstöðu hefur Bolognaferlið mætt í viðkomandi háskóla – og hvers vegna – að þínu mati? Er næg þekking á Bolognaferlinu til staðar í viðkomandi háskóla og hvað hefur verið gert til að mæta þörf kennara og annarra fyrir þekkingu? Telur þú að ólík stofnanamenning í háskólunum skipti máli þegar kemur að viðtöku skrefanna í Bolognaferlinu? Með þessum spurningum vildum við beina sjónum að háskólastarfi á grasrótartiginu, þ.e. skoða hvort og þá hvernig Bolognaferlið hefði haft áhrif á nám og kennslu í háskólum.

Við settum engin skilyrði um form og niðurstaðan var sú okkur bárust ólíkir textar að gerð og lengd sem ritstýrt var í samvinnu við höfundana. Textarnir endurspeglu menningu viðkomandi skóla og þeim var því flestum lítið ritstýrt. Ólík notkun orða er til vitnis um fjölbreytni í útfærslu skólanna, t.d. sýnist okkur enska orðasambandið *learning outcomes* vera þýtt sem námsmarkmið, hæfniviðmið eða lærdómsviðmið. Einnig er gaman að sjá að háskólarnir ýmist brautskrá eða útskrifa kandiðatana sína og því var að sjálfsgöðu ekki breytt við yfirlestur handritanna. Gæðakerfi háskólanna og hugtök sem snerta þau eru mjög ólík frá einum skóla til annars enda engin sam-evrópsk fyrirmæli um hvernig þau eigi að vera. Við samhæfðum einkum umfjöllun um viðauka við prófskírteini sem oftast er talað um sem skírteinisviðauka. Þar er í öllum greinunum átt við *diploma supplement* þar sem koma fram margvíslegar skýringar á inntaki og eðli náms. Skírteinisviðauki fylgir prófskírteinum brautskráðra kandiðata frá skólunum. Í greinunum er einnig oft rætt um svokallað ECTS-einingakerfi, samhæft evrópskt einingakerfi; skammstöfunin stendur fyrir *European Credit Transfer System*. Með kerfinu urðu þær einingar sem íslenskir háskólar nota helmingi fleiri en áður. Einingabreytingin var því að sjálfsgöðu ekki flókin sem slík en mun meira áberandi út á við en skírteinisviðaukinn.

Viðhorf og reynsla íslenskra háskóla af Bolognaferlinu

Greinarhöfundarnir tíu telja að nokkuð almenn ánægja ríki innan þeirra skóla með innleiðingu Bolognaferlisins og að háskólakennarar og aðrir sjái hag í þátttöku. Þeir sjá innleiðinguna sem mikilvægt tækifæri til að styrkja og efla litla háskóla í alþjóðlegu samhengi og benda á aukin samskipti erlendis máli sínu stuðnings, og að samræmt mat á námi nemenda auðveldi stúdentaskipti. Þeir telja jafnframt að vel hafi gengið að innleiða formlega eða kerfislæga þætti eins og uppbyggingu náms (3+2+3 kerfið, þ.e. þrjú ár á bakkalárstigi, tveggja ára meistaranám, þrjú ára doktorsnám), ECTS-námseiningar og skírteinisviðauka enda eru flestir háskólanna ungir og hafi ekki búið að annars konar hefðum.

Þá telja greinarhöfundarnir mikilvægt að fulltrúar háskólanna hafi komið að verkefninu strax í upphafi í gegnum samstarfsnefnd menntamálaráðuneytis og þannig verið virkir þátttakendur í að hafa áhrif á og kynna Bolognaferlið í sínum skólum.

Sumir greinarhöfundanna benda á að ferlið hafi veitt nýjum háskólum stuðning og orðið til þess að unnið var markvissar en ella að skipulagi þeirra, bæði hvað stjórnun og nám og kennslu varðar.

Fram kemur að ný lög um háskóla og ákvæði um viðurkenningu háskóla hafi gert innleiðingu formfastari og flýtt fyrir henni á margan máta. Allir greinarhöfundar benda á aukna áherslu háskólanna á gæðapróun og gerð gæðamatskerfa, sem þeir telja að Bolognaferlið hafi ýtt undir, og telja að við mat á gæðum sé eða þurfi að vera í ríkari mæli litið til náms og kennslu.

Stærsta viðfangsefnið og hið flóknasta í innleiðingu Bolognaferlisins er kerfisbundin skilgreining hæfniviðmiða fyrir námsbrautir og fyrir einstök námskeið. Þessi vinna var ein af forsendum fyrir viðurkenningu háskóla. Með setningu hæfniviðmiða færðist ábyrgð og erfiði við innleiðingu Bolognaferlisins frá fulltrúum og stjórnendum til kennara og mun fleiri þurftu að koma að verkinu sem gerði það vissulega flóknara í framkvæmd. Gerð hæfniviðmiða kallaði á kunnáttu og færni í kennslufræði sem háskólakennarar búa almennt ekki yfir og verklagið var þeim nýtt. Þá gerði innleiðing hæfniviðmiða ráð fyrir samhæftri námskrárgerð og umræðu um námskeið og inn-tak þeirra. Slík sameiginleg umræða um námskrá virðist ekki hafa verið hefðbundinn hluti háskólastarfs og kallaði því í mörgum tilvikum á hugarfarsbreytingu kennara. Greinarhöfundar fagna aukinni umræðu um námskrárgerð, nám og kennslu og telja slíka umræðu almennt til mikilla bóta og að hún muni koma nemendum og kennurum vel. Þeir benda jafnframt á að þarna er mikið verk enn óunnið og að styðja þurfi kennara betur við að takast á við verkið og efla þekkingu þeirra í kennslufræði.

Flestir greinarhöfundanna eru fulltrúar lítilla háskóla og benda margir þeirra á að stuttar boðleiðir og nánd innan skólanna hafi auðveldað innleiðingu Bolognaferlisins; stofnanamenning lítilla skóla sé einfaldlega betur til þess fallin að innleiða breytingar af þessu tagi. Þó bendir greinarhöfundur frá Listaháskóla Íslands á að fjöldi stunda-kennara við skólann geri innleiðingu erfiðari.

Stuðningur við innleiðingu hefur fyrst og fremst verið innan skólanna sjálfra þar sem starfsmenn hafa stuðst við útgefið efni, handbækur og námskeið. Þótt greinarhöfundar telji afstöðu háskólafólks til Bolognaferlisins jákvæða benda þeir á ýmsar hindranir við innleiðingu þess. Komið hafi fram ýmis gagnrýni, þ. á m. á það að með innleiðingu ferlisins sé vegið að akademísku frelsi háskólakennara, verið sé að steypa alla skóla í sama mót, of einsleitt viðhorf til menntunar sé að finna í viðmiðum um æðri menntun og ekki sé tekið nægilegt tillit til sérstöðu skólanna í ferlinu.

Að lokum benda greinarhöfundar á að þrátt fyrir fyrri yfirlýst lok innleiðingar árið 2010 sé enn langt í land og að líta þurfi á verkefnið sem þróunarverkefni til lengri tíma. Bent er á að leggja þurfi áherslu á að kanna hvort og að hvaða marki innleiðing hæfni-viðmiða hafi áhrif á kennsluhætti og námsmat og enn vanti talsvert upp á að nemendur þekki til Bolognaferlisins.

Við teljum að frekari rannsókna sé þörf til að fá skarpari mynd af stöðu Bolognaferlisins í íslenskum háskólum og þá sérstaklega áhrifum á þess á nám og kennslu.

HEIMILD

Guðrún Geirsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2009, 28.–30. september). *The Bologna Process in two Icelandic universities and accreditation*. Erindi á European Conference on Education Research (ECER), Vínarborg.

UM HÖFUNDA

Guðrún Geirsdóttir (gudgeirs@hi.is) er dósent í kennslufræði við Háskóla Íslands og veitir forstöðu námi fyrir háskólakennara við Háskóla Íslands. Hún hefur doktorspróf í menntunarfræðum frá Kennaraháskóla Íslands 2008. Rannsóknir hennar eru einkum á sviði námskrár- og kennslufræða háskólastigsins.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (ingo@hi.is) er prófessor við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands og jafnframt námsbrautarformaður kennslufræði í Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Hann hefur doktorspróf í menntunarfræðum frá Wisconsinháskóla í Madison 1991. Rannsóknir hans eru meðal annars á sviði menntastefnu, menntaumbóta, menntunar til sjálfbærrar þróunar og kynjafræða.

The Bologna Process and Icelandic universities:

Introduction

Abstract

In the past decade, the number of universities in Iceland has grown and then decreased again with mergures. Student number has risen from 12,000 in autumn 2001 to about 19,000 in autumn 2009. The professional and structural environment has also changed, most importantly with a legislation passed in 2006 about accreditation of the universities and the Bologna Process that has taken place concurrently. The aim of this set of Perspectives' articles is to take stock on the implementation of the Bologna Process in Iceland. Opening with an introductory article, it continues with an article about the history of and reasons for the Bologna Process, and proceeds with seven articles where key persons at the seven Icelandic universities present the state of art at their institutions. The editors of the Perspectives, both active participants in the Bologna Process, contacted key persons and asked them to write a brief article about the Bologna Process in their respective universities, including responses to following questions: What impact has the Bologna Process had on management, organisation, curriculum content, teaching practices, and evaluation? What kind of ideas about quality and effectiveness of universities can there be seen in the Bologna Process? Has the university been able to use the Bologna Process in the quality management of the university—or have some of its measures caused troubles in that regard? Has

the Bologna Process been met with resistance in the university—and if so, why? Is there enough capacity in the university to implement the Bologna Process? Do you believe that different institutional cultures matters when the different measures of the Bologna Process are introduced?

The Perspectives' authors argue that there is a general consensus about the Bologna Process and that university teachers and others see possibilities in its introductions. It is seen as an opportunity to strengthen small universities in an international cooperation and, to some extent, competition. They point out that it has been relatively easy to introduce systemic issues, such as the 3+2+3 division between bachelor, masters and doctoral levels, as well as the ECTS-system and the diploma supplement. The largest and most complicated task has been the induction of a systematic presentation of learning outcomes, both for degrees and at course level. This part requires the participation of virtually all university faculty and staff and more cooperation among the faculty about coordinated curriculum design than traditionally has been the case. The Perspectives' authors argue that this has been a positive act for the universities but that more work and greater support for teachers and the universities is needed to successfully implement learning outcomes as curriculum development. The Perspectives' editors believe that this set of articles contributes to research about the Bologna Process and its implications, especially on what kind of impact it may have had on teaching and learning.

About the authors

Guðrún Geirsdóttir (gudgeirs@hi.is) is an associate professor at the University of Iceland, and she leads a degree programme for teaching in universities. She holds a Ph.D. degree from the Iceland University of Education. Her research is focused on curriculum theory and development, educational practice and academic development within higher education.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (ingo@hi.is) is professor of education at the University of Akureyri and chair of the department of teacher studies at the University of Iceland. He holds a Ph.D. degree in curriculum and instruction from the University of Wisconsin, Madison. His research is focused on educational policy, education reform, education for sustainable development, and gender and education.

Bolognaferlið:

Saga og tilgangur

Bolognayfirlýsingin frá 1999 (European Ministers of Education, 1999) og Bolognaferlið í kjölfar hennar er samvinna og sameiginleg stefnumótun stjórnvalda æðri menntamála í álfunni um tiltekin viðmið og mælikvarða en ekki samningur á milli þeirra ríkja Evrópu sem aðild eiga að því. Samvinna er við Samtök evrópskra háskóla (EUA), Bandalag evrópskra stúdenta (ESU), Evrópusamtök um gæðatryggingu í æðri menntun (ENQA), Evrópuráðið (COE), Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna í Evrópu (UNESCO-CEPES) o.fl. Menntamálaráðherrar aðildarríkja Bolognaferlisins hittast á fundi á tveggja ára fresti og þess á milli starfar hópur, skipaður fulltrúum ríkjanna, sem fylgir ferlinu eftir (Bologna Follow-up Group, BFUG). Hverju og einu Evrópuríki er í sjálfsveld sett hvort það gerist aðili að Bolognaferlinu, að uppfylltu því skilyrði að ríkið hafi staðfest aðild að Samningi Evrópuráðsins og Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um viðurkenningu og hæfi að því er varðar æðri menntun á Evrópusvæðinu (ETS. No. 165).

Tilgangur og markmið

Tilgangur Bolognaferlisins er fyrst og fremst að auðvelda stúdentum að sækja nám á milli háskóla í mismunandi löndum Evrópu án þess að það valdi þeim töfum við að ljúka viðeigandi prófgráðu og án þess að kröfur og gæði námsins séu fyrir borð borin. Markmiðið er að fjölga þeim stúdentum sem sækja háskólanám í öðru landi en heimalandinu með því að gera Evrópu að sameiginlegu svæði æðri menntunar fyrir árið 2010 (e. European Higher Education Area). Til að ná þessu markmiði er lögð áhersla á samhæfingu nokkurra nánar tilgreindra undirmarkmiða og áherslna. Fyrst og fremst er þar um að ræða atriði sem lúta að ytra formi og skipulagi æðri menntunar. Þetta hefur kallað á róttæka breytingu á uppbyggingu æðri menntakerfa margra landa, þ. a. m. í stærstu löndunum eins og Þýskalandi, Ítalíu og Frakklandi sem bjuggu að sjálfstæðum hefðum, t.d. varðandi prófgráður.

Í umræðu um Bolognaferlið er iðulega talað um að megináfangar háskólanáms skuli vera þrjár, grunnnám í þrjú ár, meistaranám í tvö ár og doktorsnám í þrjú ár. Síðasttalda áfanganum var bætt við árið 2003. Í stuttu máli er gjarnan talað um 3+2+3 regluna. Þetta má hins vegar ekki taka of bókstaflega þar sem hér er einungis um viðmið að ræða enda geta mismunandi forsendur ráðið námslengdinni. Það er því

engin tilviljun að árafjölda hvers áfanga er hvergi getið í Bolognayfirlýsingunni. Þar er einungis lagt upp með að grunnám til fyrstu prófgráðu skuli vera að *minnsta kosti* þrjú ár. Það sem skiptir máli er m.ö.o. ekki námstíminn sem slíkur heldur sú þekking, kunnátta og hæfni sem prófgráðunni er ætlað að tryggja að viðkomandi nemandi hafi náð tókum á. Sú menntun verður að miðast við skilgreind viðmið um gæði og kröfur í náminu. Þetta tengist hinu tvíþætta hlutverki grunnnámsins, að það henti í senn atvinnulífínu og sem undirbúningur undir frekara nám.

Öllum aðgerðum Bolognaferlisins er ætlað að þjóna framangreindum tilgangi og markmiði, s.s. viðauki með prófskírteini sem útskýrir stöðu prófgráðunnar í samhengi menntakerfis viðkomandi lands, sameiginlegt einingakerfi (þ.e. ECTS-kerfið) sem gerir námsáfanga samanburðarhæfa á milli landa, sameiginleg gæðaviðmið (e. quality assurance) sem stuðla að gegnsæi og trausti á menntakerfum og menntastofnunum og sameiginleg viðmið um ytra form æðri menntunar og prófgráða (e. qualification framework). Í hinu síðastnefnda felast t.d. viðmið um skilgreiningu námsleiða til prófgráðu (e. degree programmes) á grunni hæfniviðmiða þar sem settur er formlegur rammi um þá þekkingu og kunnáttu sem mismunandi prófgráðum er ætlað að skila. Þetta er viðleitni til að styrkja og efla þekkingarsamfélag Evrópu og samkeppnishæfni álfunnar gagnvart öðrum heimshlutum, t.d. Bandaríkjunum, Indlandi og Austur-Asíu, og greiða fyrir flæði vinnuafls á milli landa. Í byrjun var áherslan fyrst og fremst á hið ytra form háskólamenntunar, en síðan hafa gæði og inntak námsins fengið æ meiri athygli. Í ljósi þessa er það rökrétt þróun að samtök háskóla og stúdenta í Evrópu hafa á síðustu árum lagt stóru aukna áherslu á gæðamálin og tryggingu þeirra í Bolognaferlinu.

Bakgrunnur

Hafa verður í huga að Bolognayfirlýsingin frá 1999 átti sér talsvert langan aðdraganda og mikið starf hafði verið unnið á vettvangi stjórnvalda og háskólanna sem skilaði sér rækilega inn í ferlið og hefur í reynd gert það mögulegt. Þetta undirbúningsstarf átti sér sömu rót og yfirlýsingin sjálf. Hin ytri uppbygging háskólanáms og prófgráða hafði þróast með ólíkum hætti í einstökum löndum Evrópu. Samanburður náms og prófgráða og flutningur stúdenta á milli „háskólakerfa“ var því tíðum flókin, þótt inntak náms væri svipað. Hið sama átti við um frjálst flæði vinnuafls á milli landa.

Nauðsyn raunverulegrar samhæfingar til að auðvelda samanburð var fyrst sett á blað í alvöru af stjórnvöldum í svonefndri Sorbonnefirlýsingu (e. Sorbonne Declaration) sem menntamálaráðherrar stærstu þjóðríkja Evrópu, Frakklands, Ítalíu, Bretlands og Þýskalands, undirrituðu 25. maí 1998, um að stefna beri að aukinni samhæfingu æðri menntakerfa landanna. Segja má að með þeirri yfirlýsingu hafi verið lögð drög að Bolognayfirlýsingunni. Einnig verður að hafa í huga tiltekna forsendur sem báðar þessar yfirlýsingar byggjast á og taka mið af. Þar er fyrst og fremst um tvennt að ræða: Annars vegar stefnuyfirlýsingu evrópskra háskóla, *Magna Charta Universitatum*, sem var undirrituð í tilefni af 900 ára afmæli Háskólans í Bologna 18. september 1988 af rektorum yfir 400 háskóla í Evrópu, þ. á m. rektor Háskóla Íslands. Hún geymir helstu forsendur og viðmið sem háskólarnir telja að ganga verði út frá í starfsemi og starfs-

umhverfi þeirra. Áherslan er á hlutverk háskólanna við að skapa og miðla þekkingu, sjálfstæði þeirra, akademískt frelsi, hlutleysi og órjúfanleg tengsl rannsókna og kennslu. Þessi yfirlýsing er stefnuskrá Samtaka evrópskra háskóla.

Hins vegar er um að ræða Samning um viðurkenningu og hæfi að því er varðar æðri menntun á Evrópusvæðinu (e. Convention on the Recognition of Qualifications concerning Higher Education in the European Region). Samningurinn, sem í daglegu tali er kallaður Lissabonsamningurinn um viðurkenningu náms (e. Lisbon Recognition Convention), var undirritaður í Lissabon 11. apríl 1997 af fulltrúum flestra stjórnvalda ríkja Evrópuráðsins (þ.m.t. Íslands) og þeirra ríkja sem teljast til Evrópusvæðis Menn-ingarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Undirbúningur hans hófst árið 1992 og voru þá eldri samningar um einstök efnisatriði frá árabílinu 1953–1990 endurskoðaðir og steipt saman í einn samning. Í forsendum samningsins er kveðið á um mikilvægi grunnreglunnar um sjálfstæði æðri menntastofnana og nauðsyn þess að verja það. Sömuleiðis kemur það víða fram í einstökum greinum hans að almennt er gengið út frá því að háskólarnir séu þeir aðilar í hverju landi sem eru til þess bærir að taka ákvarðanir í málum er varða viðurkenningu æðri menntunar.

Lissabonsamningurinn hefur síðan verið staðfestur af flestum ríkjum Evrópu enda var á fundi menntamálaráðherra Bolognaferlisins í Berlín 2003 ákveðið að formleg aðild að honum væri ígildi skilyrðis fyrir þátttöku ríkja í ferlinu. Lissabonsamningurinn er þannig í reynd bakhjarl og ein mikilvægasta grunnforsenda þess sem Bolognaferlinu er ætlað að skila. Hann er alþjóðasamningur sem leggur stjórnvöldum á herðar skyldur til að tryggja gæði æðra náms og sanngjarna og málefnalega málsmeðferð við mat og viðurkenningu náms. Í honum er að finna mikilvægar skilgreiningar á æðri menntun, hlutverki háskóla og annarra æðri menntastofnana, ákvæði um tryggingu gæða, eftirlit, vinnubrögð, upplýsingagjöf o.fl.

Viðleitni í þá átt hér á landi að setja löggjöf um skilyrði þess að starfrækja háskóla og eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna er að finna í fyrstu rammalögum um háskóla frá 1997. Enn fremur má álykta að með tilkomu Bolognaferlisins hafi komið sá þrýstingur að utan sem leiddi til þess að lög um háskóla voru endurskoðuð árið 2006 í takt við þá þróun sem Bolognaferlið ber með sér. Fjölgun skóla á háskólastigi hér á landi ýtti enn fremur undir þessa þróun.

Gæðakerfi, gæðastarf og gæðamenning

Nefnt var hér að framan að eftir því sem Bolognaferlinu hefur undið fram hafa gæði háskólastarfseminnar í heild og inntak námsins fengið æ meiri athygli. Gengið er út frá því í ferlinu að ábyrgð á tryggingu gæða í æðri menntun liggi hjá háskólunum sjálfum sem um leið axla ábyrgð sína með virku gæðaeftirliti og síauknum gæðum. Þannig eru háskólar ábyrgir fyrir því að veita góða menntun og hafa eftirlit með og meta gæði starfsemi sinnar á sviði kennslu, rannsókna og stjórnunar. Lögð er áhersla á að upplýsingar um gæðakerfi séu aðgengilegar öllum sem hagsmuna eiga að gæta, s.s. nemendum, vinnuveitendum, stjórnvöldum, öðrum háskólum og foreldrum. Reglu-bundið ytra gæðaeftirlit, sem er á vegum stjórnvalda eða þar til bærra hlutlausra eftir-litsstofnana, beinist að einstökum stofnunum í heild, einstökum skipulagseiningum

þeirra eða einstökum afmörkuðum þáttum starfseminnar, og er ætlað að ganga úr skugga um að innra eftirlit og mat sé skilvirkt og þjóni tilgangi sínum.

Snemma í Bolognaferlinu varð ljóst að nauðsynlegt væri að móta samnefnara um viðmið og aðferðir við tryggingu gæða í háskólum til þess að Evrópusvæði æðri menntunar gæti orðið lífvænlegt. Viðleitnin til að tryggja gæði menntunar með því að þróa sambærilega mælikvarða og aðferðir hefur síðan orðið þungamiðjan í Bolognaferlinu. Án þess að tryggt sé að háskólarnir veiti góða menntun er öll viðleitnin nefnilega í sjálfu sér marklaus. Með þessari áherslu er horft inn á við – til forsendna, eðlis og inntaks – fremur en á hið ytra form og uppbyggingu. Viðmið um gæði menntunar og kröfur til stúdenta og starfsmanna eru forsendur fyrir þeirri hæfni – eða „*learning outcome*“ – sem æðri menntun er ætlað að skila. Þetta var áréttað á ráðherrafundinum í Berlín árið 2003 og jafnframt var hafin vinna við að undirbúa mótun gæðastaðla.

Á fundi menntamálaráðherra aðildarríkja Bolognaferlisins í Bergen í maí 2005 var samþykkt að leggja til grundvallar texta sem saminn hafði verið á vegum ENQA með aðkomu EUA, *European Standards and Guidelines for Quality Assurance in Higher Education* (sjá t.d. ENQA, 2009). Textinn skiptist í þrjú hluta og geymir sá fyrsti almenn viðmið og kröfur um innri gæðakerfi háskóla, annar viðmið og kröfur um ytra gæðaeftirlit með háskólum og loks eru í þriðja hlutanum viðmið og kröfur um gæði ytri matsstofnananna sjálfra. Árið 2008 var svo sett á laggirnar sjálfstæð stofnun (European Quality Assurance Register for Higher Education, EQAR), sem hefur það hlutverk að veita evrópskum gæðamatsstofnunum viðurkenningu að undangengnu faglegu mati og að halda skrá um hinar viðurkenndu stofnanir.

Þótt hin evrópsku viðmið og kröfur um gæðatryggingu á sviði æðri menntunar í Evrópu hafi ekki formlega stöðu laga, reglna eða samnings hafa þau í reynd haft mikil áhrif á löggjöf aðildarríkja Bolognaferlisins og skipulag og framkvæmd gæðatryggingar í evrópska háskólakerfinu. Kemur þetta ljóslega fram í íslenskum lögum um háskóla nr. 63/2006 og þeim reglum sem settar hafa verið til að útfæra einstök ákvæði laganna, þar sem mun meiri áhersla er lögð á gæðatryggingu en verið hafði í fyrri lögum. Það sem skiptir síðan máli er að farið sé að lögum, reglum og viðmiðum sem sett eru.

Framhaldið

Ljóst er að enda þótt mjög margt hafi áunnist í Bolognaferlinu hefur markmiðinu um að gera Evrópu að sameiginlegu svæði æðri menntunar fyrir árið 2010 ekki verið náð að öllu leyti, enda um mjög róttækar breytingar að ræða í mörgum stærstu ríkjum álfunnar. Það sem áunnist hefur er fyrst og fremst traust samvinna og sammæli um hin sameiginlegu markmið, áherslur og viðmið – en ríkin eru mislangt á veg komin að innleiða þau hvert fyrir sig. Á fundi menntamálaráðherra aðildarríkjanna í Búdapest og Vín í mars 2010 var þetta sérstaklega áréttað og sammælst um að stefna markvisst áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið og sem eflaust mun gefa tilefni til frekari viðfangsefna. Óhætt er að fullyrða að þær breytingar sem orðið hafa á sviði æðri menntunar í Evrópu fyrir tilstuðlan Bolognaferlisins eru um margt byltingarkenndar. Leiðin að markmiðinu og einstökum áhersluþáttum hefur verið lærdómsrík og gagnleg

– og verður það vafalaust áfram. Hins vegar verður að minna á að í umræðunni almennt um málefni háskóla í Evrópu á síðustu árum hefur áherslan einkum beinst að efnahagslegu hlutverki háskóla. En háskólar gegna fleiri hlutverkum og ekki síðri, s.s. að undirbúa nemendur til þátttöku í lýðræðissamfélagi og að stuðla að þroska og vísýni hvers og eins.

HEIMILDIR

- ENQA (European Association for Quality Assurance in Higher Education). (2009). *European standards and guidelines for quality assurance in higher education*. (3. útg.) Helsinki: Höfundur.
- European Ministers of Education. (1999). *The Bologna declaration of 19 June 1999*. Sótt 9. september 2010 af http://www.ond.vlaanderen.be/hogeronderwijs/bologna/documents/MDC/BOLOGNA_DECLARATION1.pdf.
- Rectors of European Universities. (1988). *Magna Charta Universitatum*. Sótt 9. september 2010 af http://www.magna-charta.org/pdf/mc_pdf/mc_english.pdf
- UNESCO (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization). (1997). *Convention on the recognition of qualifications concerning higher education in the European region*. Sótt 9. september 2010 af http://portal.unesco.org/en/ev.php-URL_ID=13522&URL_DO=DO_TOPIC&URL_SECTION=201.html.

UM HÖFUND

Þórður Kristinsson (thordkri@hi.is) er sviðsstjóri kennsluviðs Háskóla Íslands. Hann er með M.Litt.-gráðu í heimspeki frá Háskólanum í Edinborg. Fagleg og fræðileg áhuga- og rannsóknarsvið Þórðar eru málefni háskóla almennt, einkum stjórnun, skipulag og gæði starfseminnar, auk réttarheimspeki, stjórnmálaheimspeki, fagurfræði og siðfræði.

The Bologna Process:

History and Objectives

About the author

Þórður Kristinsson (thordkri@hi.is) is director for academic affairs, University of Iceland. He has a M.Litt. degree in philosophy from University of Edinburgh. His professional and research interests include university affairs in general, governance, organization and quality assurance, as well as philosophy of law, political philosophy, aesthetics, and moral philosophy.

Áhrif Bolognaferlisins á nám, kennslu og stjórnun í Listaháskóla Íslands

„Samvinna er affarabest fyrir heildina“ (Halldór Laxness)

Listaháskóli Íslands (LHÍ) er ungur háskóli og var stofnaður um það leyti sem Bolognaferlið hófst. Það gaf skólanum möguleika og svigrúm til að þróa námskrá skólans og aðlaga hana ferlinu frá byrjun. Í ferlinu er lagt til að uppbygging háskólanáms sé þriggja ára grunnnám og tveggja ára meistaranám. Bakkalárnám í Listaháskólanum er þriggja ára nám á langflestum námsbrautum. Þó hefur leikarabrautin verið fjögurra ára nám vegna þess að námið var skipulagt þannig í Leiklistarskóla Íslands á sínum tíma. Frá og með haustinu 2010 mun uppbygging leikaranáms breytast og byggjast á þriggja ára grunnnámi og síðan meistaranámi. Meistaranám er boðið í tónlistardeild og listkennsludeild og er í samræmi við uppbyggingu meistaranáms innan Bolognaferlisins.

Ný lög um háskóla á Íslandi tóku gildi 2006 og var markmið þeirra að auka gæði menntunar og gera breytingar í anda Bolognamarkmiðanna. Samkvæmt lögnum þurftu starfandi háskólar að sækja um viðurkenningu á þeim fræðasviðum sem þeir störfuðu á. Listaháskólinn starfar á fræðasviðinu listir og fékk viðurkenningu í september 2007 og er eini háskólinn á Íslandi sem hefur fengið viðurkenningu á þessu fræðasviði. Skólinn er sérstakur að því leyti að margar listgreinar eru kenndar við hann en hlutfallslega fáir nemendur stunda nám í hverri grein. Í flestum listaháskólum í Evrópu eru kenndar færri listgreinar við hvern skóla. Því hefur Listaháskólinn töluverða sérstöðu meðal evrópskra listaháskóla og hefur þurft að þróa námið á sinn eigin hátt. Sérstaða LHÍ gefur hins vegar mikla möguleika á að þróa þverfaglega kennslu og samstarf milli listgreina.

Við undirbúning umsóknar um viðurkenningu á fræðasviðinu listir þurftu deildir skólans að lýsa inntaki námsleiða út frá þekkingu, hæfni og færni við námslok. Menntamálaráðuneytið gaf út viðmið um æðri menntun og prófgráður sem lögð voru til grundvallar viðurkenningunni. Frá Listaháskólanum kom fram sú gagnrýni að sköpunarþátturinn hefði lítið sem ekkert vægi í viðmiðunum en mikil áhersla er lögð á sköpun á öllum námsbrautum skólans. Í þessari umræðu kom greinilega fram sérstaða Listaháskólans. Í framhaldi af því setti Listaháskólinn fram sín eigin viðmið sem byggjast á því að við lok náms uppfylli nemendur viðmið í leikni / færni, sköpun, skilningi, þekkingu og gagnrýni. Viðmiðunum er lýst nánar á heimasíðu skólans fyrir

hverja námsbraut (www.lhi.is). Við skipulagningu og uppbyggingu námsins eru viðmið skólans lögð til grundvallar ásamt viðmiðum ráðuneytisins.

Allir íslensku háskólarnir hafa nú sett fram hæfniviðmið fyrir sínar námsleiðir sem telst góður árangur miðað við aðra háskóla á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu. En þó svo að þeir hafi sett viðmið er því ósvarað hvort og hvernig hæfniviðmið eru raunverulega uppfyllt. Eftirfylgnin felst annars vegar í því að skoða kennslu og námskeið með því að tengja hæfniviðmið námsbrauta við einstök námskeið og ganga úr skugga um hvort þeim eru gerð skil og hins vegar að meta árangur nemenda út frá þeim viðmiðum sem sett eru á námsbrautinni. Á síðastliðnu skólaári (2009–2010) hófst endurskoðun námskeiða við Listaháskólann þar sem sérhvert námskeið er skoðað markvisst og farið yfir hvaða viðmið námsbrautar tengjast viðkomandi námskeiði. Þannig er hægt að skoða hvort nám og kennsla á námsbrautinni í heild uppfylli þau viðmið sem sett eru. Fyrirhugað er að setja hæfniviðmiðin í hverja námskeiðslýsingu í vetur. Það er aftur á móti flóknara að meta hvort nemendur hafi tileinkað sér þá hæfni sem hver námsbraut krefst. Á næstunni mun skólinn leita leiða við að meta árangur nemenda með tilliti til viðmiðanna. Vegna sérstöðu listnáms á listskópunin stóran sess í náminu og námsmatið er oft byggt á verkum eða sýningum nemenda. Í mörgum tilfellum fá nemendur umsagnir með einkunnum og eru þeir almennt mjög ánægðir með að fá umsagnir og telja að með þeim fái þeir betri endurgjöf fyrir verkefni sín, það er að segja í hvaða þáttum þeir standa sig vel og hvað mætti betur fara. Til að auka gæði námsmats eru í mörgum tilfellum fengnir utanaðkomandi prófdómarar til að meta viðfangsefni nemenda í lok námskeiðs. Með því er stuðlað að jafnræði, sanngirni og heildrænu námsmati.

Eitt markmið Bolognaferlisins er að taka upp samevrópskt einingakerfi, svokallað ECTS-kerfi, sem auðveldar nemendum að fá nám metið á milli skóla. ECTS-einingakerfið á að endurspeglar vinnuframlag nemenda. Námið í Listaháskólanum er margbreytilegt og oft er erfitt að meta vinnuframlag nemenda því sú vinna sem nemendur leggja af mörkum í listnámi er ekki alltaf sýnileg. Reynt er eftir fremsta megni að hafa vinnuframlagið samkvæmt einingafjölda og til að tryggja það hefur skólinn kannað vinnuframlag nemenda í einstökum námskeiðum með því að fá nemendahópa til að meta vinnuframlag sitt. Námskeið eru í stöðugri endurskoðun og er þá meðal annars tekið tillit til mats nemenda. Fyrir tveimur árum tók Listaháskólinn alfarið upp ECTS-einingakerfið og hætt var að nota gömlu íslensku einingarnar.

Annað markmið Bolognaferlisins er að taka í notkun viðauka með prófskírteinum. Viðaukinn, sem er á ensku, útskýrir vel inntak viðkomandi prófgráðu innan menntakerfisins. Skírteinisviðaukinn á að auðvelda nemendum að fá nám sitt metið erlendis. Samstarfsnefnd háskólanna vann sameiginlega að gerð skírteinisviðaukans og þegar nemendur útskrifast fá þeir skírteinisviðaukann afhentan. Listaháskólinn hefur gefið út skírteinisviðauka um nokkurra ára skeið.

Samevrópska háskólasvæðið á að auðvelda hreyfanleika milli landa og háskóla og hvatt er til nemenda- og kennaraskipta. Listaháskólinn er í samstarfi við háskóla í Evrópu innan áætlana Evrópusambandsins þar sem lögð hefur verið áhersla á að efla og þróa námsbrautir, taka þátt í rannsóknarverkefnum og bjóða nemenda- og

kennaraskipti. Listaháskólinn er meðal annars aðili að AEC (Association Européenne des Conservatoires) sem eru samtök erlendra tónlistarháskóla. Samtökin standa fyrir mörgum fundum og ráðstefnum á hverju ári þar sem koma saman stjórnendur, alþjóðafulltrúar og kennarar. Auk þess stýra þeir verkefnum eins og Polifonia sem rannsakar áhrif Bolognaferlisins á tónlistarmenntun í Evrópu. Jafnframt er LHÍ þátttakandi í sjö norrænum samstarfsnetum. Þar vinna stjórnendur að ýmsum þáttum tengdum listmenntun og Bolognaferlinu. Þar sem listmenntun er í eðli sínu ólík öðru háskólanámi hefur það oft reynst flókið að aðlaga listnám Bolognaferlinu og því hefur þessi samvinna verið afar gagnleg. Samstarfsnetin Nortéas (í sviðslistum), Cirrus (í hönnun) og Kuno (í myndlist) eru dæmi um samstarfsnet í mismunandi listgreinum sem Listaháskólinn er í öflugum samstarfi við. Það hefur því verið ómetanlegt fyrir Listaháskólann, sem er lítill háskóli og eini háskóli landsins á sínu fræðasviði, að geta tekið þátt í erlendu samstarfi og fengið styrki til þess frá Evrópusambandinu.

Regluverk mætir oft andstöðu hjá listamönnum og hafa sumir kennarar Listaháskólans látið í ljós þá skoðun að skrifræði Bolognaferlisins dragi úr listsköpunarþætti kennslunnar. Þeir hafa nokkuð til síns máls og gæta verður þess að regluverk og umgjörð háskólastarfsins hafi ekki of mikil áhrif á faglega þætti námsins. Þá hefur stofnanamenning þó nokkur áhrif þegar verið er að innleiða nýjar vinnuaðferðir og ferla. Í LHÍ eru margir stundakennarar sem koma úr öðru umhverfi en skólastarfi og það tengir skólann beint við atvinnulífið. Skólinn er frekar lítill vinnustaður, þó nokkur nánd er milli stjórnenda og starfsfólks og stór hluti starfsfólks hefur starfað við skólann frá upphafi. Það má segja að þar ríki eins konar grasrótarmenning og þægilegt er að ná til allra, ræða saman og móta sameiginlega stefnu. Nálægðin hefur haft þau áhrif að tiltölulega auðvelt hefur verið að innleiða vinnuaðferðir tengdar Bolognaferlinu.

Stjórnendur, fagstjórar brauta og þeir kennarar sem vinna við þróun námsbrauta og námskeiðslýsinga í LHÍ hafa haldgóða þekkingu á Bolognamarkmiðunum. Tæplega þriðjungur þeirra sem kenna við skólann eru kennarar í hlutastarfi, stundakennarar og gestakennarar, sem hafa ekki eins mikla vitneskju um Bolognaferlið. Stjórnendur hafa velt því fyrir sér hvernig hægt væri að fá þennan hóp með markvissari hætti í faglegt starf og þróun innan skólans. Ein leið Listaháskólans til að auka þátttöku þeirra í skólastarfinu er að hafa fulltrúa þeirra í fagraði skólans. Einnig þarf að hafa fleiri upp lýsingafundi til að auka þekkingu allra starfsmanna á Bolognamarkmiðunum.

Einn þáttur í Bolognaferlinu er að efla gæðastarf innan háskólanna. Listaháskólinn hefur undanfarin ár lagt áherslu á að þróa aðferðir til að mæla gæði skólastarfsins og ein þeirra er könnun á adfrifum útskrifaðra nemenda. Sú könnun er lögð árlega fyrir tvo útskriftarárganga samtímis, þá sem útskrifuðust fyrir tveimur árum og fimm árum. Könnunin er ítarleg og kannað er hvernig nám við LHÍ hefur nýst við framhaldsnám og störf ásamt því að skoða viðhorf einstaklinga gagnvart skólanum. Í könnuninni vorið 2010 töldu 85% þátttakenda að námið hefði nýst þeim vel í verkefnum og störfum. Þeir voru einnig beðnir um að taka afstöðu til fullyrðinga um LHÍ sem mennta- og menningarstofnun og þar kom meðal annars fram að rúmlega 80% þátttakenda töldu að Listaháskólinn eflði framsækna hugsun í listum og menningu í samfélaginu.

Skólinn hefur þróað einstakt mælitæki þar sem hægt er að bera saman niðurstöður ár frá ári og meta skólastarfið með tilliti til faglegrar þróunar í framtíðinni.

Þegar litið er yfir farinn veg síðastliðinna 10 ára hafa markmið Bolognafyrirlysingarinnar án vafa haft jákvæð áhrif á þróun starfsemi háskólanna. Háskólar hefðu vafalaust þróast og eflst á ýmsa vegu en Bologna markmiðin hafa orðið til þess að háskólarnir hafa þróað samevrópskt menntakerfi þar sem lögð er áhersla á svipaða uppbyggingu bakkalár- og meistaranáms, ECTS-einingakerfið og skírteinisviðauka ásamt því að efla gæðastarf á háskólastiginu. Þegar unnið er að sameiginlegum markmiðum innan háskólaumhverfisins er þó afar mikilvægt að hver háskóli haldi sinni sérstöðu. Listaháskólinn hefur lagt áherslu á sín séreinkenni í uppbyggingu og þróun frá upphafi. Hugmyndafræði Listaháskólans og inntak námsins byggist ekki á Bolognaferlinu en ferlið er rammi sem veitir aðhald og stuðlar að því að uppbygging náms, námsmat og gæðastarf hefur orðið markvissara og gegnsærra í gegnum árin.

UM HÖFUND

Björg Jóna Birgisdóttir (bjorg@lhi.is) er forstöðumaður háskólaskrifstofu Listaháskóla Íslands. Hún er með MS-gráðu í náms- og starfsráðgjöf frá California State University, Northridge. Fræðilegt áhugasvið er rannsóknir á brotthvarfi og aðferðir til að styðja einstaklinga í brotthvarfshættu.

The impact of the Bologna Process on learning, teaching and administration in the Iceland Academy of the Arts

About the author

Björg Jóna Birgisdóttir (bjorg@lhi.is) is director of academic affairs, Iceland Academy of the Arts. She has a MS-degree in school counselling from California State University, Northridge. Her research is on dropouts and counselling methods to support individuals who are at risk of dropping out.

Bolognaferlið og Landbúnaðarháskóli Íslands

Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) hefur nokkra sérstöðu meðal íslenskra háskóla. Hann hefur innan við 300 nemendur í háskólanámi auk nemenda á starfsmenntabrautum í búfræði og garðyrkju. Þótt skólinn sé nýlega stofnaður sem slíkur (2005) stendur starfsemi hans á gömlum merg. Eitt elsta háskólanám á sviði raunvísinda á Íslandi (búvísindi) er rekið við skólann en til þess var stofnað 1947 við Bændaskólann á Hvanneyri. Önnur rót LbhÍ liggur í stofnun sem áður hét Rannsóknastofnun landbúnaðarins (Rala), þar áður Landbúnaðardeild atvinnudeildar Háskóla Íslands, stofnuð 1935. Þannig er skólinn bæði gamall og nýr og með tiltölulega mikil rannsóknaumsvif, en um 60% af starfsemi LbhÍ, hvort sem talið er í peningalegri veltu eða mannafla, eru rannsóknir.

Stjórnskipan LbhÍ er einföld. Tvær háskóladeildir eru við skólann, auðlindadeild og umhverfisdeild, en undir deildirnar heyra samtals fimm námsbrautir. Þvert á deildir er svo fámennnt kennslusvið, með einum aðstoðarrektor, kennslustjóra, skólafulltrúa, alþjóðafulltrúa og námsráðgjafa. Allar námsbrautir nema búvísindi eru tiltölulega nýjar af nálinni og er enn stjórnad af þeim námsbrautarstjórum sem hafa verið lykilpersónur við mótn þeirra frá byrjun.

Rétt eftir stofnun LbhÍ hrinti menntamálaráðuneytið af stað viðurkenningarferli sem allir íslenskir háskólar tóku þátt í. Í þessu ferli öðlaðist LbhÍ viðurkenningu á fræðasviðum sínum. Við LbhÍ var ákveðið að ganga frá lýsingum námsbrauta og skírteinisviðauka í Bolognastíl eins og kveðið var á um en láta ekki þar við sitja heldur endurskrifa jafnframt allar námskeiðalýsingar eftir áðurnefndum viðmiðum, en kennd námskeið við háskólabrautir LbhÍ eru um 80 talsins. Það var mat stjórnenda kennslusviðs að forsenda þess að skrifa vandaðar námsbrautarlýsingar væri að fyrir lægu námskeiðalýsingar með viðeigandi hæfniviðmiðum. Með rétt frágengnum námskeiðalýsingum er fyrst hægt að kanna skipulega hvort öllum hæfniviðmiðum sem námsbraut gerir ráð fyrir sé fundinn staður í námskeiðum, einum eða fleiri, eða hvort einhver viðmið eru ekki uppfyllt.

Vinnan við námskeiðalýsingar og námsbrautarlýsingar reyndist þegar á hólminn kom mikil en þó framkvæmanleg. Ástæða þess að til tókst eins og að var stefnt er sú að námsbrautarstjórar LbhÍ eru hópur frumkvöðla sem flestir höfðu mótað sínar námsbrautir frá byrjun og höfðu því skýra sýn á markmið brautanna og voru nokkuð fljótir að skilgreina hæfniviðmið eftir nýrri tísku.

Starfsfólk var tilbúið að leggja á sig umtalsverða vinnu vegna þess að Bolognaferlið hefur skýr og augljós markmið sem gefa mikilvægan ávinning, ekki síst fyrir litlar menntastofnanir sem eru háðar samvinnu við aðrar menntastofnanir innanlands og erlendis. Á sama hátt er ávinningurinn ljós almennt fyrir menntakerfi smáþjóðar eins og Íslendinga. Bolognaferlið eru að ryðja sér til rúms í öllu alþjóðlegu menntasamstarfi innan Evrópu þar sem ECTS-einingakerfið og fleiri þættir Bolognaferlisins eru orðnir að ríkjandi stöðlum. Sem dæmi má nefna Norðurlandasamstarf norræna landbúnaðar-, skógræktar- og dýralæknaháskóla (e. NOVA university network) sem LbhÍ er í forystu fyrir um þessar mundir. Öll sameiginleg meistara- og doktorsnámskeið þessara skóla taka mið af Bolognaferliðum og ECTS-einingareglum.

Bolognaferlið hafa leitt til þess að kennsluvið LbhÍ hefur endurskipulagt verkefna við gerð námskeiðslýsinga, útbúin hafa verið leiðbeinandi form fyrir kennara og námsbrautarstjóra og haldin námskeið um útfyllingu þeirra. Alltaf eru þó einhver dæmi um kennara sem eru seinir til og tregustu tíu prósentunum reynist erfitt að tileinka sér nýjungar. Í þessu starfi höfum við lítið nýtt *The Bologna Handbook* sem þykir óaðgengileg og mikil að vöxtum (Froment, Kohler, Purser og Wilson, 2006), en *ECTS Users' Guide* (European Communities, 2009) hefur nýst vel, auk fyrirmynda sem Bolognafulltrúi HÍ hefur bent okkur á meðal erlendra háskóla. Þegar LbhÍ fékk tilkynningu um svokallað *DS label* (viðurkenningu á skírteinisviðauka) frá Evrópusambandinu skömmu áður en þetta er ritað kom þó fram athugasemd um að skírteinisviðaukar LbhÍ þættu óþarflega nákvæmir og þá mætti stytta.

Bolognaferlið hjálpa til við að skerpa sýn á inntak náms. Þau fela í sér tækifæri til að yfirfara skipulega hvort öll hæfniviðmið námsbrautar séu fyrir hendi einhvers staðar í námskeiðum brautar og einnig hvort einstökum námskeiðum sé hugsanlega ofaukið eða að þætti kunni að vanta til að uppfylla hæfniviðmið brautar. Það er einnig álit starfsmanna kennsluviðs LbhÍ að sameiginlegur Bolognaferliður á vegum íslensku háskólanna hafi verið gagnlegur og viðfangsefnið sé dæmi um svið sem eigi að vera samstarfsverkefni skólanna. Niðurstaðan er sú að Bolognaferlið hefur haft margháttuð áhrif á vinnulag og skipulag kennsluhátta í Landbúnaðarháskóla Íslands, sérstaklega hvað varðar framsetningu upplýsinga um námið, mat á vinnulagi nemenda í einstökum námskeiðum og innihald námsins.

HEIMILDIR

European Communities. (2009). *ECTS users' guide*. Luxembourg: Office for Official Publications of the European Communities.

Froment, E., Kohler, J., Purser, L. og Wilson, L. (ritstjórar). (2006). *EUA Bologna handbook: Making Bologna work*. Berlin: Raabe.

UM HÖFUND

Björn Þorsteinsson (bjorn@lbhi.is) er prófessor og aðstoðarrektr kennslumála Landbúnaðarháskóla Íslands. Hann er með doktorsgráðu í plöntulífeðlisfræði frá Stokkhólmsháskóla. Fræðileg áhugasvið eru m.a. vöxtur úthagagróðurs og næringarefnabúskapur.

The Bologna Process and The Agricultural University of Iceland

About the author

Björn Þorsteinsson (bjorn@lbhi.is) is professor and vice-rector of academic affairs at Agricultural University of Iceland. He has a Fil.dr. degree in plant physiology from University of Stockholm. Among professional interests are plant growth and nutrient relations.

Bologna. Ferli framfara og tækifæra

(Háskólinn á Bifröst)

Undanfarinn áratug hefur Háskólinn á Bifröst lagað sig að Bolognastöðlum og tekið þátt í Bolognaferlinu eins og aðrir háskólar hér á landi. Hér verður í stuttu máli fjallað um innleiðingu Bolognaferlisins í Háskólanum á Bifröst og rætt um hlutverk kennara og nemenda í því ferli.

Innleiðing Bolognaferlisins á Bifröst hefur veitt kennurum, nemendum og starfsfólki tækifæri til þess að ræða á opinskáan hátt um kennsluhætti, námsmat og gæðastjórnun náms við skólann. Ábyrgð innleiðingarinnar hefur að mestu verið hjá deildarforsetum, gæðaráði og kennsluviði skólans. Framkvæmd innleiðingarinnar hefur til dagsins í dag tekið mið af þeim áherslum sem kynntar hafa verið hverju sinni af ráðherra-nefndinni og menntamálaráðuneytinu. Í kjölfar setningar laga um háskóla 2006 og útgáfu menntamálaráðuneytisins á viðmiðum um æðri menntun og prófgráður hefur vinnan við innleiðingu Bolognaferlisins verið markvissari og umræðan hefur færst frá sérfræðingunum inn í hjarta skólans, til nemenda og kennara, þar sem hún á vel heima. Mikil vinna var lögð í að skrá lærdómsviðið fyrir hverja prófgráðu í skól-
anum. Þessi skráning var í höndum deildanna, gæðaráðs og kennsluviðs.

Nemendur eiga fulltrúa í gæðaráði, á deildarfundum og í háskólaráði og hafa því umræðuvettvang og taka þátt í ákvörðunum sem teknar eru um aukin gæði kennslu og uppbyggingu náms. Þrátt fyrir þessa aðkomu nemenda mætti auka enn frekar upplýsingagjöf til þeirra um hugmyndafræði Bolognaferlisins.

Ekki var að greina neina verulega mótspyrnu við þrepaskiptingu náms eða upptöku ECTS-einingakerfisins í stað þess gamla. Það sama má segja um staðlaða skírteinisviðaukann. Þessa litlu andstöðu má sjálfsagt rekja til þess að skilningur er á því að umræddar breytingar efla samkeppnishæfni íslenskra nemenda að námi loknu. ECTS-einingarnar og staðlaði skírteinisviðaukinn greina t.d. skýrt frá inntaki þess náms sem nemendur stunduðu á námsstímanum. Innleiðing þessara breytinga var ekki flókin aðgerð og kallaði ekki á innlegg frá mörgum ólíkum einstaklingum. Þess vegna hefur hún gengið eins vel og raun ber vitni.

Hins vegar má nefna að innleiðing hæfniviðmiða fyrir námskeið út frá skráðum loka-
viðmiðum námsleiða við skólann hefur reynst flóknara ferli. Hér virðist vera erfiðara að ná samkomulagi um hvað það er sem skiptir máli og hvernig skuli standa að inn-
leiðingunni. Ákveðið var að búa til áætlun um verkið og skipa einn fulltrúa til þess að verkstýra innleiðingunni. Ábyrgðin er þó hjá deildarforsetum og deildarfundum hverrar deildar.

Þegar skilgreining hæfniviðmiða fyrir hvert námskeið við Háskólann á Bifröst hófst var hugmyndafræði Bolognaferlisins og skilgreining hæfniviðmiða kynnt á deildarfundum hvorrar deildar skólans. Á þessum fundum var rætt um tengingu milli hæfniviðmiða, kennsluaðferða og námsmats. Skilgreining hæfniviðmiða fyrir einstök námskeið er enn í gangi en stefnt er að því að verkinu verði lokið fyrir næsta skólaár. Kennarar fá stuðning við að skrifa hæfniviðmið fyrir námskeið og það er í höndum deildarfundar að samþykkja námskeiðslýsingu og hæfniviðmið hennar og gæta þess að hún falli að lærdómsviðmiðum námsleiðarinnar sem námskeiðið tilheyrir. Kennurum hefur verið bent á upplýsingavef Bolognakynningarfulltrúanna og vef Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands sem gefur greinargóða mynd af hæfniviðmiðum og orðalagi sem þarf að nota við gerð skýrra viðmiða.

Það er misjafnt hvernig kennarar taka því að þurfa að skrifa hæfniviðmið og tengja þau við námsmatið í námskeiði sínu. Umræðan um hæfniviðmið hefur leitt til aukinnar umræðu um kennsluaðferðir og námsmat innan skólans sem er af hinu góða. Í einhverjum tilfellum hafa kennarar markvisst kynnt námskeið sín öðrum kennurum og útskýrt hvers konar námsmat er notað til þess að meta hvort nemendur hafa náð hæfniviðmiðum námskeiðsins. Þetta hefur leitt til aukinnar umræðu og umbóta því kennarar fá uppbyggilega endurgjöf frá samkennurum sínum. Þegar kennurum er boðið að kynna námskeið sín með þessum hætti þurfa þeir að fara í gegnum það ferli að rökstyðja kennsluaðferðir og námsmat út frá hæfniviðmiðunum og útskýra hvernig námskeið þeirra fellur að lærdómsviðmiðum námsleiðarinnar. Þetta ferli hefur aukið kennslufræðilega hugsun hjá háskólakennurum og er liður í eftirfylgni og námskrárþróun innan deildanna ásamt því að vera hluti af gæðaeftirliti með námi við skólann. Þessi tilhögun hefur þróast með innleiðingu Bolognaferlisins í Háskólann á Bifröst og þess vegna er óhætt að segja að innleiðingin hafi haft jákvæð áhrif frekar en neikvæð.

Námskrárvinna og mat á gæðum námskráa út frá lokaviðmiðum námsleiða hefur ekki farið fram með skipulegum hætti enn sem komið er. Áhrif innleiðingarinnar á nemendur og upplifun þeirra af náminu er jafnframt nokkuð sem þarf að skoða í samhengi við það sem gert hefur verið.

Skipulag Háskólans á Bifröst ætti að auðvelda innleiðingu Bolognaferlisins frekar en að torvelda það. Boðleiðir eru stuttar og ábyrgð á innleiðingu tiltekinna hluta Bolognaferlisins er skýr. Þó er ekki hægt að segja að innleiðingin hafi gengið mótþróa laust. Einstaka kennari hefur haldið því fram að með því að innleiða Bolognaferlið í háskólum sé verið að hefta frelsi háskólanna og steypa þá í sama mót. Aðrir halda því fram að Bolognaferlið sé ákveðinn rammi sem háskólar geti notað utan um þá mynd sem þeir sjálfir kjósa að mála. Námsframboð og kennsluaðferðir geti verið með ólíkum hætti innan háskóla og háskóladeilda þó að Bologna-„rammanum“ sé fylgt.

Bolognaferlið er nemendamiðað og í stuttu máli er hugmyndafræðin sú að námið skuli gagnast einstaklingum og samfélagi sem best. Það er hér sem sköpunargleðin getur fengið að njóta sín um leið og hægt er að efla gæðastjórnun og rannsóknir í háskólum. Það er því mikilvægt að auka vitund kennara og nemenda um mikilvægi þess að líta á Bolognaferlið sem tækifæri til framfara en ekki kvöð.

Með endurskoðun námskrár og kennsluaðferða er hægt að koma til móts við þarfir samfélagsins fyrir aukna áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarf í samvinnu við

atvinnulífið. Það er kominn tími til að skapa námsumhverfi sem byggist á nýjum og ferskum hugmyndum sem sannarlega geta fylgt Bolognastöðlum, eftt enn frekar samkeppnishæfni íslenskra nemenda og samkeppnishæfni íslenskra háskóla sem skapandi þekkingarsamfélag á alþjóðlegum vettvangi.

UM HÖFUNDA

Ingibjörg Guðmundsdóttir (inga@bifrost.is) er kennslustjóri Háskólans á Bifröst. Hún hefur BS-próf í viðskiptafræði og MS-próf í alþjóðlegum viðskiptum, hvorttveggja frá Háskólanum á Bifröst. Meðal faglegra áhugasviða og rannsóknarefna eru alþjóðleg samskipti og kynbundinn munur á tungutaki stjórnenda.

Signý Óskarsdóttir (signyo@bifrost.is) er verkefnastjóri Háskólans á Bifröst. Hún hefur BA-gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði frá Háskólanum á Bifröst og diplómu í kennslufræðum frá Háskólanum í Reykjavík. Meðal faglegra áhugasviða og rannsóknarviðfangsefna eru kennsla í sýndarveruleika, heimspeki menntunar og menningarfræði.

The Bologna Process. Bringing progress and opportunities

(Bifröst University)

About the authors

Ingibjörg Guðmundsdóttir (inga@bifrost.is) is director of academic services at Bifröst University. She has a BS-degree in business administration and a MS-degree in international business from Bifröst University. Her research and professional interests include intercultural communication and gender-based difference amongst managers relating to the use of language.

Signý Óskarsdóttir (signyo@bifrost.is) is project manager at Bifröst University. She has a BA-degree in philosophy, politics and economics from Bifröst University and a diploma in education from Reykjavík University. Her research and professional interests include teaching in virtual environments, philosophy of education and cultural studies.

Innleiðing Bolognaferlisins við Háskólann á Hólum

Skólastarf á Hólum í Hjaltadal er byggt á gömlum grunni. Þar stofnaði Jón helgi Ögmundarson biskup dómskóla árið 1106, sem var háskóli þess tíma. Í framhaldi af því dafnaði skólastarf og menningarlíf á Hólum allt til ársins 1801 þegar biskupsstóllinn var lagður niður og skólinn fluttur til Reykjavíkur. Nýr blómatími skólastarfs hófst 1882 þegar Bændaskólinn á Hólum var settur á fót sem samvinnuverkefni bænda í öllum sýslum norðanlands. Á þessum grunni varð til Hólaskóli – Háskólinn á Hólum. Háskólastarf þróaðist innan Bændaskólans á Hólum í kjölfar sérhæfingar hans eftir 1980 en þá efdust rannsóknir og samstarf skólans við háskóla. Starfar skólinn nú í þremur fagdeildum: ferðamáladeild, hestafræðideild og fiskeldis- og fiskalíffræðideild. Á grundvelli laga um búnaðarfræðslu frá 1999 var skólanum með reglugerð árið 2003 heimilað að útskrifa nemendur með háskólagráðu og ári síðar var samþykkt ný námskrá við skólann. Hólaskóli – Háskólinn á Hólum var formlega gerður að háskóla með lagabreytingu sem tók gildi 1. júlí 2007. Árið 2006 tóku gildi ný lög um háskóla sem tóku mið af ákvæðum Bolognaferlisins með nánari útfærslum, t.d. í auglýsingu um viðmið við æðri menntun og prófgráður og reglum um innri og ytri gæðaúttektir. Í byrjun árs 2008 tók menntamálaráðuneytið við stjórnslu skólans af landbúnaðarráðuneytinu.

Árin 2007–2008 voru ár mikilla breytinga hjá Háskólanum á Hólum. Í kjölfar nýrra laga var ákveðið að endurskoða skipurit skólans og regluverk. Samhliða þessu var leitast við að skipuleggja nám og kennslu í samræmi við viðmið um æðri menntun og prófgráður. Á sama tíma var unnið að innra mati á starfsemi skólans vegna umsóknar um viðurkenningu fræðasviða en fræðasvið skólans fékk formlega viðurkenningu í apríl 2008. Allar reglur skólans voru gerðar mun skýrari og má þá sérstaklega nefna kennslureglur er taka til inntöku nemenda, kennslu, námsmats og fleira. Skipurit skólans var gert mun skýrara og stofnuð voru fjögur svið: stoðsvið, rannsóknasvið, svið framhaldsnáms og kennslusvið. Sviðin bera ábyrgð á gæðamálum og umsýslu með þeim þáttum sem þeim tilheyra.

Rannsóknir skipa veigamikinn sess hjá Háskólanum á Hólum og má segja að á þeim hafi byggst möguleikinn á breytingu yfir í háskólastofnun. Sértekjur skólans árið 2009 voru um 45% af heildartekjum og stór hluti sérteknanna er styrkir til rannsókna- og þróunarverkefna. Þessi þróun hefur verið leidd af fiskeldis- og fiskalíffræðideild og nýtist sú reynsla vel við uppbyggingu rannsókna annarra deilda. Rannsóknasvið

ber ábyrgð á gæðastýringu rannsókna. Gæðamat rannsókna er flókið og hefur sviðið á síðustu misserum unnið að því að kortleggja mismunandi leiðir við slíkt mat.

Kennslusvið ber ábyrgð á öllum þeim þáttum sem snúa að kennslu nemenda á fyrsta háskólastigi, en áður báru einstakar deildir skólans ábyrgð á sínum nemendum. Eftir þessar breytingar færðist inntaka nýrra nemenda, mat á eldra námi, námsmat og prófskírteini frá fagdeildum til kennslusviðs. Þetta hefur gert starfsemi skólans mun skilvirkari. Kennslusvið ber ábyrgð á innleiðingu Bolognaferlisins. Sú vinna hefur einkum snúið að tveimur tengdum þáttum. Annars vegar innleiðingu skilvirks gæðakerfis og gæðamenningar í samvinnu við önnur svið og fagdeildir, og hins vegar innleiðingu skýrra námsmarkmiða og námsmats.

Innleiðing Bolognaferlisins í íslenskt háskólasamfélag kom á mjög góðum tíma fyrir Háskólann á Hólum sem á þeim tíma var í örri þróun og með margvíslega vaxtarverki. Skólanum mátti líkja við ungling sem var að breytast í fullorðinn einstakling, með öllum þeim flækjum sem því fylgir. Bolognaferlið hafði mjög jákvæð áhrif á það hvernig Háskólinn á Hólum þróaðist. Þannig var vinna að umsókn um viðurkenningu fræðasviða mikilvægur vegvísir á þeim tíma fyrir uppbyggingu skólans. Án góðs vegvísis hefði sú breytingavinna sem fór fram árið 2007 ekki átt sér stað og skilað þeim árangri sem raun ber vitni. Auk mikilvægra breytinga á skipuriti og reglum leiddi þetta einnig til aukinnar gæðamenningar. Innra mat kallaði á mikla naflaskoðun á starfsemi skólans og þá kom auðvitað margt í ljós sem bæta mátti og útfæra öðruvísi. Þetta var sérstaklega greinilegt þegar litið var til gæða kennslu.

Gæðapróun kennslu í skólanum hefur byggst á innleiðingu Bolognaviðmiðanna. Í Háskólanum á Hólum var, líkt og í öðrum háskólum, unnið að skilgreiningu námsmarkmiða í tengslum við umsókn um viðurkenningu fræðasviða. Lögð var áhersla á að allir akademískir starfsmenn hveir fagdeildar kæmu sameiginlega að skilgreiningu á markmiðum námsbrauta, þar sem tekið skyldi tillit til auglýsingar um viðmið um æðri menntun og prófgráður. Í kjölfar þessa var unnið að þróun námsmarkmiða einstakra námskeiða. Umsjónarkennarar leiddu þá vinnu, hver fyrir sitt námskeið. Einnig var unnið að því að tengja saman markmið námsbrauta og einstakra námskeiða. Skilgreining námsmarkmiða námsbrauta og einstakra námskeiða leiddi greinilega til hugarfarsbreytingar kennara. Síðan 2007 hafa kennarar verið hvattir til að endurskoða reglulega og yfirfara námsmarkmið; t.d. kom fljótlega í ljós að stundum var þörf á að breyta illmetanlegum námsmarkmiðum.

Þegar skólinn varð háskóli með lögum var öllum starfsmönnum hans sagt upp störfum og þeir endurráðnir. Við endurráðninguna fóru akademískir starfsmenn skólans í hlutlaust hæfnismat sem háskólakennarar. Þá var einnig aðgreind kennsluskylda, rannsóknaskylda og stjórnunarskylda akademískra starfa. Kennsluskylda kennara við Hólaskóla er breytileg, frá 30–70%, en að jafnaði eru kennarar með um 50% kennsluskyldu. Við skipulag kennslu hefur innleiðing ECTS-námseininga hjálpað, þar sem viðmið um vinnu nemenda og kennslustundafjölda eru þar vel skilgreind.

Fljótlega eftir að hafist var handa við breytingar vorið 2007 kom í ljós að þörf var á aukinni menntun akademískra starfsmanna í kennslufræðilegum vinnubrögðum en flestir háskólakennarar eru ráðnir vegna fagþekkingar sinnar, ekki kennsluþekkingar.

Til þess að bregðast við þessu höfum við fengið sérfræðinga reglulega til að halda fyrirlestra og námskeið fyrir kennara. Sérstaklega má þar nefna Guðrúnu Geirsdóttur frá Háskóla Íslands sem hefur verið skólanum ómetanlegur ráðgjafi við þróun kennsluhátta. Fyrstu námskeiðin snerust um framsetningu námsmarkmiða og eðli þeirra. Í framhaldi af því hafa námskeið tengst enn frekar námsmati og tengslum námsmarkmiða, námsmats og endurgjafar. Kennsluvið hefur nú það markmið að allir kennarar setji fram ítarlegar kennslulýsingar þar sem greinilega eru sett fram tengsl námsmarkmiða og námsmats.

Þó að margt í innleiðingu Bolognaferlisins við Háskólann á Hólum sé jákvætt og hafi gengið vel hafa vissulega komið fram hnökrar. Það er mjög mismunandi hversu móttækilegir akademískir starfsmenn hafa verið fyrir þessari þróun. Helst það í hendur við áhuga og þátttöku í endurmenntunarnámskeiðum sem í boði hafa verið. Einnig er nokkur munur milli fagdeilda skólans á því hversu langt þróun kennslumála er komin. Þannig er innleiðing gæðamenningar kennslu hvað lengst komin við ferðamáladeild þar sem starfsmenn hafa verið sérstaklega duglegir að sækja námskeið og áhugasamir um kennsluhætti.

Það er ljóst að aukin gæði í háskólakennslu kalla á aukna menntun háskólakennara. Á síðustu misserum höfum við velt fyrir okkur hvaða leiðir séu bestar til að hvetja kennara til að sækja sér endurmenntun. Er ráð að setja inn starfsdaga kennara, þar sem allir eru skikkaðir í endurmenntun? Hvert er framboð á endurmenntun fyrir háskólakennara? Við höfum notið góðrar þjónustu bæði frá sérfræðingum við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri en er kannski einnig þörf á skipulagðari menntun, t.d. diplóma eða M.Sc.-gráðu í kennslufræði háskólakennslu? Skólarnir gætu þá liðkað til fyrir þá sem vildu sækja slíkt nám og umbunað þeim sem ljúka því.

Það er sýn okkar að Háskólinn á Hólum verði í fararbroddi íslenskra háskóla hvað varðar þróun gæðamenningar í háskólakennslu. Forskot skólans til að ná þessu markmiði felst m.a. í smæð hans, lítilli fjarlægð milli einstakra kennara og yfirstjórnar skólans og einföldum samskiptaleiðum. Því er auðvelt að fylgjast með frammistöðu einstakra kennara og stuðla að innleiðingu nýrra kennsluhátta. Þegar við hófum þessa vegferð vorið 2007 héldum við að um stuttan sprett væri að ræða og við myndum á skömmum tíma gjörbreyta hugarfari kennara og kennsluháttum við Háskólann á Hólum. Nú, þremur árum síðar, höfum við lært að leiðin er löng en með skipulagðri vinnu og vel skilgreindum markmiðum hafa gæði kennslu í skólanum aukist og munu halda því áfram með hverju nýju skrefi.

UM HÖFUNDA

Bjarni K. Kristjánsson (bjakk@holar.is) er deildarstjóri fiskeldis- og fiskalíffræðideildar og yfirmaður kennslusviðs Háskólans á Hólum. Bjarni er með Ph.D.-gráðu í dýrafræði frá Háskólanum í Guelph í Kanada. Bjarni stundar rannsóknir á þróun ferskvatnsfiska og vatnalíffræði.

Skúli Skúlason (skuli@holar.is) er rektor Hólaskóla – Háskólans á Hólum. Skúli er með Ph.D.-gráðu í dýrafræði frá Háskólanum í Guelph í Kanada. Rannsóknir Skúla snúast um þróun fjölbreytileika hjá fiskum.

The introduction of the Bologna Process at Hólar University College

About the authors

Bjarni K. Kristjánsson (bjakk@holar.is) is the head of the aquaculture and fish biology department and leads the academic affairs division at Hólar University College. Bjarni has a Ph.D. degree in zoology from the University of Guelph, Canada. His research field is evolution of freshwater fish ecology and limnology.

Skúli Skúlason (skuli@holar.is) is the rector of Hólar University College, Skúli has a Ph.D. degree in zoology from the University of Guelph, Canada. His research field is the evolution of diversity of fishes.

Bolognaferlið og Háskólinn á Akureyri

Nú er langt liðið á árið 2010 og því þarft að spyrja hvaða áhrif Bolognaferlið hafi haft á Háskólann á Akureyri (HA). Hefur það gengið eftir sem stefnt var að? Fyrsta verkefnið innan HA sem heyrir undir Bolognaferlið var útgáfa ritsins *University of Akureyri Information and ECTS Guide* árið 1997 (Háskólinn á Akureyri, 1997), tveimur árum áður en Bolognaferlið hófst ef ganga á út frá ártalinu 1999. Útgáfa ritsins þýddi þó ekki að ECTS-einingar giltu upp frá því einvörðungu því það varð ekki fyrr en árið 2008. Fram að þeim tíma voru einingar námskeiða gefnar upp samkvæmt báðum kerfum. Það var svo árið 2005 sem HA hóf að gefa út skírteinisviðauka með brautskráningar-skjölum nemenda líkt og aðrir háskólar gerðu.

Þriggja þrepa skipulagið í náminu, þ.e. skipting náms í þriggja til fjögurra ára bakka-lárnám og tveggja ára meistaranám, var þegar til staðar í HA, þ.e. að því undanskildu að háskólinn hefur ekki heimild til þess að veita doktorsgráður. Nemendaskipti hafa um árabil verið heldur óhagstæð HA þannig að fleiri nemendur hafa komið þangað til náms en sem nemur fjölda þeirra sem fara í skiptinám erlendis. Kennaraskipti hafa verið á báða bóga en þó ekki síður á þann veg að kennarar HA fari í skiptikennslu erlendis. Talsvert hefur verið um að erlendir gestakennarar komi að kennslu við HA og hefur Bolognaferlið auðveldað samskipti og skipulag í því efni.

Áhrif Bolognaferlisins á stjórnun innan HA hafa verið umtalsverð. Ábending í stofnanaúttekt á HA sem IMG-ráðgjöf stóð að í umboði menntamálaráðuneytis árið 2005 (IMG ráðgjöf, 2005) og ný lög um háskóla 2006 urðu til þess að farið var að gefa gæðamálum meiri gaum innan háskólans og sérstökum starfsmanni var falið að gegna starfi gæðastjóra. Ábyrgð starfsmanna á gæðum var skilgreind og gæðaráði komið upp. Gæðaráð skipa rektor sem er formaður, forsetar fræðasviða, gæðastjóri, framkvæmdastjóri, forstöðumaður kennslusviðs, einn fulltrúi starfsmanna og annar fulltrúi nemenda. Hlutverk gæðaráðs var skilgreint en það hittist að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann.

Hefur Háskólanum á Akureyri tekist að nýta sér einhver skref Bolognaferlisins í gæðastarfi innan háskólans – eða hafa einhver atriði verið til trafala? Þegar litið er til baka eru viðurkenningarferlið og innleiðing viðmiða um æðri menntun og prófgráður langstærstu einstöku verkefni sem unnið hefur verið að í tengslum við Bolognaferlið í HA á undanförunum árum og segja má að innleiðing viðmiðanna standi enn. Bæði verkefni hafa verið unnin á vegum og í umboði gæðaráðs. Viðurkenningarferlinu var stýrt af stýrihópi sem rektor skipaði ásamt fulltrúum fræðasviðanna. HA sótti um fyrir seinni

umsóknarfrestinn 1. september 2007 og var það heppilegt því óvíst er að allt hefði verið til reiðu ef umsókn hefði þurft að fara frá háskólanum í mars það ár. Viðurkenningarferlið var mikilvægt fyrir HA og átti sinn þátt í að móta gæðastarfið innan háskólans og vekja starfsfólk til vitundar um hvað skiptir þar máli og hverjar áherslurnar þurfa að vera. Óhætt er að fullyrða að Grettistaki var lyft á ýmsum sviðum. Í því sambandi má nefna að háskólinn varð tvítyngdur þar sem allar mikilvægar upplýsingar og skjöl voru þýdd yfir á ensku auk þess sem vefur háskólans á ensku var uppfærður. Enn fremur uppfærðu allir starfsmenn vefsíður sínar með feril- og ritaskrá.

Vandséð er að Bolognaferlið hafi verið til trafala nema slíkum dómi fylgdi vantrú á ferlið í heild sinni. Slík vantrú hefur ekki verið áberandi innan HA. Vissulega hefur Bolognaferlið knúið kennara og stjórnendur HA til að leggja mikla vinnu í skilgreiningu námsmarkmiða, samræmingu þeirra, tengsl þeirra við kennsluhætti, námsmat o.s.frv. Að mati greinarhöfunda ríkir þó sátt um það innan HA að þessi vinna skili sér í auknum gæðum.

Er næg þekking á Bolognaferlinu til staðar í Háskólanum á Akureyri og hvað hefur verið gert til að mæta þörf kennara og annarra fyrir þekkingu? Starfsmenn HA hafa tekið virkan þátt í verkefnum tengdum Bolognaferlinu allt frá upphafi og átt fulltrúa sinn í viðkomandi nefndum og starfshópum háskólanna. Það er því óhætt að fullyrða að næg þekking er til staðar innan háskólans en nokkurn tíma hefur tekið að breiða hana út og innleiða ákveðna þætti í háskólastarfið. Má í því sambandi nefna samspil námsmarkmiða, kennsluhátta og námsmats. Gæðaráð skipaði sl. vetur starfshóp kennara frá öllum fræðasviðum háskólans sem ásamt gæðastjóra hafði það hlutverk að greina stöðu innleiðingar viðmiðanna og leggja mat á fræðsluþörf innan HA vegna hennar. Í ljós kom að skilgreiningar hæfniviðmiða fyrir námsleiðir og einstök námskeið voru í allgöðu lagi en námsnefndir eða einstakir kennarar aðeins að litlu leyti farin að skoða tengsl markmiðanna við kennsluhætti og námsmat. Það var einnig niðurstaða starfshópsins að kennarar á öllum fræðasviðum háskólans hefðu þörf fyrir fræðslu á þessu sviði. Þegar þetta er skrifað hefur þegar verið haldið eitt námskeið um samspil námsmarkmiða og námsmats en gera þarf betur. Í ljós hefur komið að þarna er e.t.v. erfiðasti þröskuldurinn í allri innleiðingunni og hefur það ekki hvað síst vafist fyrir kennurum að óljóst er hvaða kröfur eru gerðar um samhæfingu hæfniviðmiða, kennsluhátta og námsmats. Það er því brýnt að þegar endurskoðuð viðmið um æðri menntun og prófgráður verða kynnt verði háskólum gert alveg ljóst hversu langt þeim er ætlað að ganga í innleiðingu þeirra. Einnig má beina því til Bolognafræðingahópsins, sem Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins heldur utan um, að í fræðslu á hans vegum verði lögð áhersla á samspil námsmarkmiða, kennsluhátta og námsmats.

Gæðaráð HA lítur svo á að innleiðingarferli viðmiðanna ljúki á þessu haustmisseri (2010) þegar gert verður átak og síðasta skrefið í samhæfingu námsmarkmiða við kennsluhætti og námsmat stigið á öllum fræðasviðum. Síðan hefur verið ákveðið að gera innri úttekt á stöðunni í framhaldi af útgáfu náms- og kennsluskrár fyrir 2011–2012. Gengið er út frá því að vinna við námsmarkmið sé hringferli sem alltaf má bæta og verður niðurstaða úttektarinnar notuð sem innlegg í næsta hring.

Hvaða hugmyndir má greina í skrefum Bolognaferlisins um gæði og skilvirkni háskóla? Í skrefum Bolognaferlisins má greina þá hugmynd að markmið háskólakennslu sé að nemendur öðlist hæfni sem hægt er að lýsa, mæla og meta á hlutlægan hátt. Með því að samræma námsstig og nota sameiginleg viðmið um lýsingar hæfni á hverju námsstigi sé nemendum gert kleift að byggja hæfni sína upp markvisst og skipulega þótt farið sé á milli háskóla og landa innan Evrópu. Áhersla er lögð á að lýsa útkomu úr námi fremur en námsferlinu sjálfu og útkomunni er lýst sem atferli sem nemendur eru færir um að námi loknu. Góður og skilvirkur háskóli er samkvæmt þessu háskóli sem skilgreinir markmið náms, sér til þess að þeim séð náð og getur sýnt fram á að svo sé.

Það er oft spurt *hvað eru gæði og hvað er gæðastjórnun?* Einfalda svarið við því er að segja til um hvað á að gera (t.d. með skilgreiningu námsmarkmiða) og *sýna fram á að það hafi gengið eftir.* Innleiðing viðmiða um æðri menntun og prófgráður og sú vinna sem lögð hefur verið í setningu námsmarkmiða ætti að skila sér í skilvirkara skólastarfi og auknum gæðum, a.m.k. í þeim skilningi að skilgreint hefur verið hvað nemendur eiga að vera færir um að námi loknu en spurningin er hvort það hafi tekist. Það hefur ekki verið rannsakað enn og væri áhugavert að gera það í náinni framtíð. Augljóslega kallar innleiðing viðmiðanna á að námsmat sé tengt með beinum og gagnsæjum hætti við skilgreind námsmarkmið.

Ný vinnubrögð sem fylgja innleiðingu viðmiðanna og vinnu með námsmarkmið gera að mati greinarhöfundna meiri kröfur til námsnefnda en verið hefur. Námsnefndir starfa í umboði deildarfunda og hafa m.a. það hlutverk að gera tillögur að náms- og kennsluskrá viðkomandi námsbrauta fyrir hvert skólaár. Innleiðing viðmiðanna eflir samræmingarhlutverk námsnefnda þar sem markmið einstakra námskeiða þurfa að falla undir heildarmarkmið námsleiða. Því jafnvægi má ekki raska og eru kennarar ekki eins frjálsir að því að breyta „sínun“ námskeiðum og þeir voru áður því nú verður að huga að heildinni. Námsnefndir hafa þegar tileinkað sér breytt vinnubrögð til að tryggja að námsmarkmið einstakra námskeiða séu í rökréttu samræmi við markmið þeirra námsbrauta sem nýta sér þau. Með þessu móti er reynt að sjá til þess að starfsemi háskólans sé skipulögð þannig að staðið sé við þau fyrirheit sem gefin eru með framsetningu heildarmarkmiða fyrir hverja námsbraut.

Tengslin á milli námsmarkmiða námskeiðs annars vegar og kennsluaðferða og námsmats innan námskeiðsins hins vegar eru þó það lykilatriði sem ræður úrslitum um árangurinn af viðmiðunum. Þar reynir verulega á kennslufræðilega hæfni og ígrundun kennara, sem eflaust hefur löngum verið tamara að hugsa um kennsluna út frá öðrum hugmyndum en þeim sem greina má í skrefum Bolognaferlisins. Kennarar kunna að hafa hugsað í grundvallaratriðum um kennsluna sem eigið framlag (fyrirlestra, skipulag umræðna og verkefna o.s.frv.) í þágu markmiða sem eru ekki bundin atferli (skilja, kunna, þekkja, o.s.frv.) og nást vonandi hjá bestu nemendunum (en ekki örugglega hjá öllum sem ná lágmarkseinkunn). Slík nálgun samrýmist Bolognaferlinu illa og því er almenn þátttaka kennara í ferlinu lykilatriði, þannig að það nái alla leið inn í kennslustofuna ef svo má að orði komast.

*Hefur Bolognaferlið mætt andstöðu í Háskólanum á Akureyri og telur þú að ólík stofnana-
menning í háskólunum skipti máli þegar kemur að viðtöku skrefanna í Bolognaferlinu? Það
er ekki merkjanlegt að starfsfólk HA, kennarar eða aðrir, hafi sýnt Bolognaferlinu
eða einstökum verkefnum tengdum því andstöðu þó að skrefin hafi vissulega verið
mispung. Það er e.t.v. auðveldara fyrir litla háskóla en stóra að gera breytingar sem
þessar á starfsháttum en smæð HA hefur án efa hjálpað mikið til auk þess sem virkni
gæðaráðs í skipulagi og eftirfylgni með verkefnum hefur haft sitt að segja um það
hvernig tekist hefur til.*

Innleiðing námsmarkmiða er mikil breyting á starfi kennara. Ef nefna ætti eitt-
hvað sem skipt gæti sköpum við innleiðingu slíkra breytinga á starfsháttum væri það
aukin menntun háskólakennara á sviði kennslufræði, eins og þegar hefur verið vikið
að. Æskilegt er að hægt væri að skylda alla háskólakennara til að taka námskeið í
kennslufræði t.d. innan þriggja ára frá ráðningu þeirra því með þeim hætti mætti
 tryggja að þeim væri tamt bæði tungutak kennslufræðinnar og helstu aðferðir. Þá væri
leiðin greiðari.

HEIMILDIR

Háskólinn á Akureyri. (1997). *University of Akureyri information and ECTS guide.*

Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

IMG ráðgjöf. (2005). *Háskólinn á Akureyri, stofnanaúttekt unnin fyrir menntamálaráðherra.*

Reykjavík: IMG ráðgjöf.

UM HÖFUNDA

Sigrún Magnúsdóttir (sigrun@unak.is) er gæðastjóri og forstöðumaður kennslusviðs
við Háskólann á Akureyri. Hún hefur meistaraþróf (M.Lib.) í stjórnun frá Háskólanum
í Wales, Aberystwyth. Fræðilegt áhugasvið Sigrúnar er stjórnun, gæðastjórnun, þróun
þjónustu, þjónustugæði og hagnýting upplýsingatækni í skólastarfi.

Sigurður Kristinsson (sigkr@unak.is) er dósent og forseti hug- og félagsvísindasviðs
Háskólans á Akureyri. Hann er með doktorsþróf í heimsspeki frá Cornellháskóla
í Bandaríkjunum. Rannsóknar- og fræðasvið Sigurðar eru einkum siðfræði, siðræn
sálfræði og hagnýt siðfræði starfsgreina, rannsóknna, lífs og lækninga.

The Bologna Process and the University of Akureyri

About the authors

Sigrún Magnúsdóttir (sigrun@unak.is) is director of quality management and the academic administration at the University of Akureyri. She holds a M.Lib. degree in management from the University of Wales in Aberystwyth. Her professional interests are in the field of management, quality management, service development, service quality and information technology in education.

Sigurður Kristinsson (sigkr@unak.is) is associate professor and dean of school of humanities and social sciences at the University of Akureyri. He has a Ph.D. degree in philosophy from Cornell University. His research focuses on ethics, moral psychology, and applied ethics (professional ethics, research ethics, bioethics).

Bolognaferlið í Háskólanum í Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík (HR) hefur verið þátttakandi í Bolognaferlinu allt frá árinu 2001 þegar íslensku háskólarnir mynduðu samstarfshóp um Bolognaferlið á Íslandi. Samstarfshópurinn hefur átt reglulega fundi með fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins og rætt innleiðingu og framkvæmd ferlisins hér á landi.

Í upphafi var fyrst og fremst unnið að innleiðingu skírteinisviðauka sem nemendur fá afhentan við útskrift. Fyrsta útskriftin þar sem nemendur fengu slíkan viðauka var árið 2004. Í framhaldi af þeirri vinnu var ákveðið að setja allar upplýsingar um nám í kennsluskrá upp samkvæmt ECTS-staðli. Árið 2004 sótti skólinn um styrk til að fá sérstaka ECTS-ráðgjafa í heimsókn. Í þeirri heimsókn var farið yfir gögn frá skólanum og kynntu ráðgjafarnir sér hvernig skólinn var að innleiða og fara eftir Bolognasamþykktinni. Fengu stjórnendur og aðrir sem komu að kennslu og gæðamálum upplýsingar um hvað mætti lagfæra og breyta.

Í kjölfarið var ákveðið að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti á námskeiðsvefjum: Hæfniviðmið námskeiða (áður námsmarkmið), lýsingar á námskeiðum, kennsluaðferðum og námsmati, kennslubækur og skipulag og stundatöflu. Var gerð krafa til kennara um að þessar upplýsingar yrðu að liggja fyrir áður en hefðbundin kennsla hæfist á hverju skólamisseri. Í dag er kveðið á um að þessar upplýsingar séu komnar á vef námskeiða a.m.k. tveimur vikum áður en kennsla hefst.

Sérstök áhersla var lögð á það í námskeiðum að námsmat og kennsluaðferðir væru fjölbreyttar og er það í samræmi við reglugerð skólans þar sem eftirfarandi kemur fram í grein 4.3: Námsmat skal að jafnaði vera fjölbreytt í hverju námskeiði. Þar með er talið fleira en eitt af eftirtöldu: lokapróf, miðannarpróf, skyndipróf, einstaklings- og hópverkefni eða þátttaka í kennslustundum (Reglugerð fyrir Háskólann í Reykjavík, gr. 4.3; sjá enn fremur Háskólinn í Reykjavík, 2009, bls. 11). Starfsmaður kennslusviðs skólans fer yfir námskeiðslýsingar ásamt verkefnastjórum deilda og tryggir þannig að þessu ákvæði sé fylgt eftir.

Átak hefur verið gangi í skólanum þar sem sérstök áhersla hefur verið lögð á hæfniviðmið námskeiða og tengsl þeirra við hæfniviðmið námsbrauta og námsmat. Starfsfólk kennslusviðs hefur staðið fyrir námskeiðum fyrir kennara, sviðsstjóra og starfsfólk deilda um ritun, uppbyggingu og innleiðingu hæfniviðmiða. Samkvæmt Bolognaferlinu skiptir miklu máli að nemendur séu meðvitaðir um þá þekkingu, leikni og hæfni sem þeir eiga að hafa tileinkað sér við lok námskeiða og verða kennarar að kynna þau viðmið vel í byrjun kennslumisseris.

Síðastliðin þrjú ár hefur skólinn tekið saman svokallað „mælaborð“ (e. RU Dashboard) sem mælir ákveðnar breytur í starfi skólans, m.a. nýsköpun í kennslu, fjölbreytni í námsmati, tengsl við atvinnulíf, rannsóknarvirkni og síðast en ekki síst hversu alþjóðlegur háskóli HR er. Er mælaborðið því einskonar árangursmat þar sem ákveðnar breytur eru skoðaðar sérstaklega. Á hverju ári eru þessar breytur mælaborðsins skoðaðar og bornar saman við fyrri ár. Með slíkum samanburði getur skólinn sett sér ný markmið og bætt það sem betur má fara. Það má því fullyrða að Bolognaferlið hefur haft jákvæð áhrif á gæðastarf skólans og beint sjónum að nýjum víddum í starfi hans. Þó að innleiðing mælaborðsins sé ekki bein afleiðing Bolognaferlisins má telja að umræða um gæðamál vegna innleiðingar hafi ýtt enn frekar undir að slíkt kerfi var tekið upp.

Eitt af aðalmarkmiðum Bolognaferlisins er að auka færanleika nemenda (e. mobility of students). Það má fullyrða að fjöldi nemenda sem kemur frá öðrum háskólum, innanlands og utan, hafi aukist í HR og einnig hefur skiptinemu fjölgað úr 133 nemendum árið 2007 í vel á þriðja hundrað skiptinema árið 2009 (skiptinemar til HR og frá HR). Þessa aukningu má eflaust rekja til þess hversu auðvelt er nú að fá nám metið milli skóla en eitt af markmiðum Bolognaferlisins er að auðvela nemendum flutning frá einum skóla til annars. Unnið hefur verið markvisst að því að fjölga skiptinemu til og frá HR, erlendum kennurum sem kenna við skólann eða heim-sækja skólann í skemmri tíma til að kenna, námskeiðum sem eru kennd á ensku, alþjóðlegum verkefnum og erlendum skiptisamningum. Hvort fjöldi skiptinema tengist beint Bolognaferlinu er ekki vitað en þó má fullyrða að þeir fjölmörgu Evrópu-styrkir sem í boði eru hafi haft jákvæð áhrif. Fjölgun skiptinema hefur haft jákvæð áhrif á fjölda námskeiða sem eru í boði á ensku og öðrum erlendum tungumálum í fimm deildum skólans. Árið 2009 voru í boði um 250 námskeið sem kennd voru á erlendu tungumáli. Einnig er vert að geta þess að fjölþjóðlegum verkefnum hefur fjölgað ár frá ári og voru þau vel á þriðja hundrað árið 2009.

Til að auka sýnileika Bolognaferlisins voru settar inn upplýsingar um ferlið á vef skólans þar sem m.a. komu fram upplýsingar um skírteinisviðaukann sem nemendur fá við útskrift. Var tekið mið af því að allar upplýsingar sem væru settar á vef skólans væru í samræmi við ECTS-staðla. ECTS-einingar höfðu verið notaðar til jafns við íslenskar einingar frá árinu 2002 en frá og með árinu 2007 hefur Háskólinn í Reykjavík eingöngu notað ECTS-einingar. Til að tryggja að vinnuálag í námskeiðum sé í samræmi við ECTS-staðalinn hefur skólinn spurt nemendur um fjölda vinnustunda í kennslumati á námskeiðum. Einnig hefur starfsfólk kennslusviðs greint námskeið með tilliti til verkefna og námsmats auk þess sem í sumum deildum er magn les-efnis í námskeiðum borið saman. Má fullyrða að Bolognaferlið hafi gert kennara og starfsfólk meðvitaðra um þá vinnu sem hvert námskeið á að fela í sér með tilliti til vinnustunda nemenda.

Það sem hefur helst staðið Bolognaferlinu fyrir þrifum í HR er að starfsfólk og nemendur hafa ekki fengið næga kynningu á ferlinu innan háskólans. Þeir kynningarfundir sem hafa verið um Bolognaferlið á Íslandi hafa verið haldnir af Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins og hafa fyrst og fremst verið sóttir af stjórnendum og sviðsstjórum

skólans. Nemendur hafa ekki sótt þá fundi í neinum mæli og má fullyrða að gera þurfi nemendur skólans meðvitaðri um mikilvægi og inntak ferlisins. Það er ljóst að bjóða þarf upp á námskeið fyrir kennara og forsvarsmenn stúdenta þar sem farið er nákvæmlega yfir Bolognaferlið og þá þætti sem skipta hvað mestu máli, s.s. kennslu og gæðamál.

Fullyrða má að íslenskir háskólar hafi hafið innleiðingu Bolognaferlisins fyrst og fremst vegna áhuga háskólanna fremur en með skipun ofan úr stjórnslunni. Þar sem Háskólinn í Reykjavík tók strax þátt í ferlinu af fullum þunga hefur skólanum reynst auðveldara að innleiða nýjungar sem hafa fylgt hinu síbreytilega Bolognaferli æ síðan. Stuttar boðleiðir innan stjórnslu skólans hafa auðvaldað alla innleiðingu og eflaust hjálpar til að skólinn er lítill í samanburði við flesta evrópska háskóla. Bolognaferlið hefur án efa gert íslenska háskóla meðvitaðri um sameiginlegt gæðakerfi og samhæft kerfi þegar kemur að færarleika stúdenta milli háskóla. Þannig hefur tekist að efla og bæta starf íslenskra háskóla með tilliti til markmiða Bolognaferlisins.

HEIMILDIR

Háskólinn í Reykjavík. (2009). *Gæðahandbók kennara*. Reykjavík: Höfundur.
 Reglugerð fyrir Háskólann í Reykjavík, 11. júní 2007. Sótt 9. september 2010 af <http://www.hr.is/haskolinn/reglugerd-hr>.

UM HÖFUND

Steinn Jóhannsson (steinn@hr.is) er forstöðumaður kennslusviðs Háskólans í Reykjavík. Steinn er með BA-gráðu í stjórn málafræði og MA-gráðu í sagnfræði frá University of Louisiana í Monroe í Bandaríkjunum og diplómu í kennslufræði frá Háskóla Íslands. Fræðilegt áhuga- og rannsóknarsvið er þróun æðri menntunar á Íslandi og notkun kennslukerfa í skólum.

The Bologna Process in Reykjavík University

About the author

Steinn Jóhannsson (steinn@hr.is) is director of teaching affairs and registry at Reykjavík University. He has a BA degree in government, MA degree in History from University of Louisiana at Monroe, USA, and a post-graduate teacher certificate in education from University of Iceland. Interests include development of higher education in Iceland and the use of learning management systems in schools.

Bolognaferlið og Háskóli Íslands

Strax frá byrjun var Bolognafirlýsingin og síðan Bolognaferlið kynnt rækilega innan Háskóla Íslands með kynningarfundum og greinaskrifum og í einstökum starfsnefndum. Þá hefur Háskólinn frá upphafi verið áskrifandi að svonefndri Bolognahandbók Samtaka evrópskra háskóla (EUA Bologna Handbook). Handbókin, sem fyrst var gefin út í júní 2003 og er uppfærð með reglubundnu millibili, fjallar um fjölmörg efnisatriði Bolognaferlisins frá hagnýtu og fræðilegu sjónarhorni.

Mörg viðmið Bolognaferlisins voru þegar til staðar við Háskóla Íslands fyrir daga Bolognafirlýsingarinnar. Uppbygging náms var um margt hliðstæð og þar er miðað við og þá er ECTS-einingakerfið grundvallað á sömu forsendum um vinnuframlag stúdenta og einingakerfið sem notað var við íslenska háskóla og bundið var í eldri lög um háskóla nr. 136/1997. Þetta einingakerfi var innleitt við Háskóla Íslands árið 1976. Eina breytingin sem innleiðing ECTS-kerfisins fól í sér var að hver fyrri námseining jafngildir tveimur ECTS-einingum.

Ef litið er almennt á tilgang og meginmarkmið Bolognaferlisins er óhætt að segja að markmiðið um að auðvelda nemendum að sækja nám til annarra landa hafi í reynd fyrir löngu náðst við Háskóla Íslands og í öllum aðalatriðum hefur mat og viðurkenning náms frá Háskóla Íslands við erlenda háskóla gengið nokkuð hnökralaust. Reyndar var sókn nemenda til útlanda ekki skilgreint markmið hér á landi, heldur nauðsyn þar sem ekki var boðið upp á nám í öllum háskólagreinum í landinu (og er ekki enn) og löng hefð var fyrir því að sækja æðri menntun til annarra landa. Þannig mætti segja að fyrsti íslenski „Erasmus-stúdentinn“ hafi verið Ísleifur Gizurarson sem hélt til náms í Þýskalandi árið 1023 eða þar um bil. Lengi vel stundaði allt að þriðjungur íslenskra stúdenta nám að hluta eða öllu leyti í útlöndum og hefur frekar dregið úr þeirri sókn á seinni árum með fjölgun námskosta innanlands, einkum á framhaldsstigi. Samhliða hefur Háskóli Íslands unnið markvisst að því að greiða leið nemenda í skiptinám erlendis og við uppbyggingu meistaranáms og doktorsnáms verið við það miðað að hluti námsins sé tekinn við erlenda háskóla.

Ytri uppbygging æðra menntakerfis okkar og þar með náms í Háskóla Íslands hefur í áratugi tekið mið af háskólakerfunum bæði austan hafs og vestan, sem er reyndar einkar sérstakt fyrir Ísland samanborið við önnur Evrópulönd og ekki síður hitt að velflestir háskólakennarar á Íslandi hafa sótt framhaldsmenntun til útlanda: Bandaríkjanna, Kanada og Evrópulanda og jafnvel víðar. Þetta hefur haft áhrif á þróun náms og kennslu innan Háskólans og gert það auðveldara að aðlagast breytingum. Eldra

„kandídatskerfið“, ef svo má orða, er frá árinu 1912 og hefur nú í stórum dráttum verið lagað að Bolognaviðmiðunum. Bachelorsprófið var innleitt í Háskóla Íslands árið 1942, einingakerfi tekið upp 1976 og fest í rammalög um háskóla 1997 fyrir alla skóla á háskólastigi. Á heildina litið má segja að þótt tiltölulega auðvelt hafi verið að innleiða Bolognaferlið í skólanum hafi það jafnframt og ekki síður gefið tilefni til og færi á að endurmeta ýmislegt í uppbyggingu og innra starfi skólans – og almennt á sviði æðri menntunar á Íslandi.

Frá sjónarhóli Háskóla Íslands hefur Bolognaferlið helst haft þau áhrif að flýta fyrir tilteknum breytingum og endurskoðun á skipulagi náms innan skólans og sömuleiðis hafa ýmis efnisatriði skilað sér í umfjöllun og ákvörðunum um inntak náms, uppbyggingu þess, kennsluhætti o.fl. Þessi áhrif eru ekki endilega öll sýnileg eða formgerð í lögum, reglum og verklagi. Bein áhrif á fyrirkomulag stjórnunar og stjórnsýslu eru engin enda lýtur ferlið ekki að þeim þáttum. Hins vegar hafa verið gerðar breytingar á skipulagi Háskóla Íslands (með gildistöku 1. júlí 2008) með skipan skólans í fimm fræðasvið sem deildirnar heyra undir, sem m.a. felur í sér skarpari skil stjórnunar fjármála og reksturs annars vegar og akademískra málefna hins vegar. Þessi breyting, sem er alls ótengd Bolognaferlinu, hefur hins vegar án efa stuðlað að markvissari innleiðingu þeirra efnisatriða Bolognaferlisins sem ekki voru þegar innleidd.

Háskóli Íslands tók frá upphafi virkan þátt í Bolognaferlinu og tengdum verkefnum í aðdraganda þess, s.s. tilraunaverkefni (í sagnfræði) um notkun og mótun ECTS-einingakerfisins (ECTS Pilot Project) við stúdentaskipti og Tuning-verkefninu sem felst í mati á vinnuframlagi stúdenta miðað við einingafjölda. Þá átti Háskóli Íslands fulltrúa í Bolognanefnd sem menntamálaráðuneytið skipaði árið 2003 með það hlutverk að samræma og hafa umsjón með framkvæmd Bolognaferlisins hérlendis og vera menntaráðuneytinu til ráðgjafar um breytingar sem til álita koma á lögum, reglum og verklagi á íslenska háskólastiginu.

Með lögum nr. 63/2006 um háskóla, var kveðið á um tiltekin skilyrði til þess að starfrækja megi háskóla og sett voru viðmið um viðurkenndar prófgráður og lokapróf í anda Bolognaviðmiða auk skilmála um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna. Með lögnum gafst þannig grunnur fyrir nánari mótun skipulags náms í Háskóla Íslands með hliðsjón af einstökum áherslum og viðmiðunum Bolognaferlisins. Viðurkenningarferlið, þ.e. vinna við undirbúning umsókna Háskólans um viðurkenningu á námsleiðum til bakkalár-, meistara- og doktorsprófa á einstökum fræðasviðum sem fram fór á árunum 2007–2009, gerði þessa endurskoðun á skipulagi námsins markvissa, einkum umfjöllun, umræða og innleiðing hæfniviðmiða fyrir einstakar námsleiðir. Almennt má þannig segja að námsleiðir hafi verið skilgreindar upp á nýtt og rammi þeirra festur skýrar í reglur Háskólans og einnig var framsetning kennsluskrár endurskoðuð frá grunni með hliðsjón af Bolognaviðmiðunum. Fræðasvið Háskólans og deildir eru hins vegar mislangt komin á veg með skilgreiningu hæfniviðmiða fyrir einstök námskeið. Áréttu verður þó að Bolognaviðmiðin geyma ekki neinn endanlegan sannleik um fyrirkomulag háskólakennslu og náms enda eru nám og kennsla í eðli sínu til stöðugar endurskoðunar.

Í Háskóla Íslands nýttist hinn evrópski leiðarvísir um gæðamál sem grunnur áframhaldandi vinnu við þróun og mótun gæðakerfis en formlegt gæðakerfi Háskólans hafði verið samþykkt á háskólafundi og í háskólaráði vorið 2002. Til að renna traustari stöðum undir gæðakerfi skólans var árið 2004 sett á laggirnar sérstök ráðgjafarnefnd rektors um gæðamál og árið 2006 var skipuð gæðanefnd háskólaráðs. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja og auka gæði kennslu, rannsókna og stjórnunar við Háskóla Íslands. Í því felst m.a. að styrkja gæðakerfi skólans og efla gæðamenningu innan hans. Á vettvangi nefndarinnar hefur á undanförunum árum verið unnið mikilvægt starf í þágu tryggingar og eflingar gæða á öllum sviðum starfseminnar í samvinnu við aðrar starfsnefndir háskólaráðs. Háskóli Íslands gengst enn fremur með reglubundnum hætti undir margvíslegt ytra mat á gæðum starfseminnar sem framkvæmt er af óháðum alþjóðlegum sérfræðingum og lítur Háskóli Íslands á það sem mjög mikilvægan þátt í gæðastarfi skólans. Gæðamál heyra formlega undir skrifstofu rektors Háskóla Íslands og þar starfa aðstoðarrekktor vísinda og kennslu, sem jafnframt er formaður gæðanefndar, og gæðastjóri skólans.

Gæðakerfi Háskóla Íslands samanstendur af fjölmörgum efnisatriðum sem ná til allra helstu þátta starfseminnar. Sem dæmi um efnisþætti sem falla undir gæðakerfið má nefna mats- og hvatakerfi rannsókna, ráðningar- og framgangskerfi akademískra starfsmanna, reglur um undirbúning og inntöku nýnema, reglur um námsmat, einingamat og námsframvindu, verklagsreglur um könnun á kennslu og námskeiðum og meðferð hennar, viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands, verklagsreglur um einkunnaskil og verklagsreglur um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða við Háskóla Íslands. Við Háskólann eru starfræktar nokkrar þjónustueiningar sem þjóna gæðastarfi skólans með margvíslegum hætti, s.s. Kennslumiðstöð, Nemendaskrá og Náms- og starfsráðgjöf. Þá má sérstaklega nefna Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands sem tók til starfa í ársbyrjun 2009 en hlutverk hennar er að tryggja og efla gæði meistara- og doktorsnáms í samræmi við sett viðmið og kröfur og stuðla að viðgangi þess. Háskólinn er enn fremur aðili að Council for Graduate School í Bandaríkjunum og EUA Council for Doctoral Education.

HEIMILD

Froment, E., Kohler, J., Purser, L. og Wilson, L. (ritstjórar). (2006). *EUA Bologna handbook: Making Bologna work*. Berlin: Raabe.

UM HÖFUND

Þórður Kristinsson (thordkri@hi.is) er sviðsstjóri kennslusviðs Háskóla Íslands. Hann er með M.Litt.-gráðu í heimspeki frá Háskólanum í Edinborg. Fagleg og fræðileg áhuga- og rannsóknarsvið Þórðar eru málefni háskóla almennt, einkum stjórnun, skipulag og gæði starfseminnar, auk réttarheimspeki, stjórnmálaheimspeki, fagurfræði og siðfræði.

The Bologna Process and the University of Iceland

About the author

Dórður Kristinsson (thordkri@hi.is) is director for academic affairs, University of Iceland. He has a M.Litt. degree in philosophy from University of Edinburgh. His professional and research interests include university affairs in general, governance, organization and quality assurance, as well as philosophy of law, political philosophy, aesthetics, and moral philosophy.